

Samfélag, umhverfi og starfsfólk

Samfélagsskýrsla Norðuráls 2023



Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	3	Notkun eiturefna og hættulegra efna	27
Um Norðurál	4	Framleiðsla og hráefnanotkun	28
Samfélagsábyrgð Norðuráls	5	Kolefnislosun	29
Helstu áherslumál	6	Þróun milli ára	30
Árið 2023	7	Kolefnislosun vegna samgangna	31
Ný framleiðslulína	8	Efnisnotkun	32
Vottanir, gæðastaðlar, siðir og lög	9	Endurvinnsla og förgun	33
Alþjóðleg ASI vottun	9	Flæðirit efnisstrauma	34
ISO vottanir	9	Móttökustöðvar	35
Úttektir	9	Orkunotkun	35
Stjórnkerfi Norðuráls	11	Aðgerðir til að draga úr orkunotkun	35
Hagaðilar	12	Vatn og frárennsli	36
Siðferði og heilindi	13	Líffræðileg fjölbreytni	37
Fjögur heimsmarkmið SP	14	Tilkynningar og frávik	38
Hagnaður á árinu og verðmæti til samfélagsins	15	Umhverfisáhrif birgja	38
Lykiltölur 2023	15	Stærsti vinnustaður Vesturlands	39
Skattspor Norðuráls	16	Mannauður	39
ETS kerfið	17	Aðbúnaður og heilsa í fyrirrúmi	40
Græn fjármögnun nýrrar framleiðslulínu	17	Vinnustaðagreining og kannanir	41
Heiðarleg viðskipti	17	Einelti og áreitni	41
Umhverfismál	18	Öryggið ofar öllu	42
Umhverfismarkmið	18	Skipulag og stjórnun heilbrigðis- og öryggismála	42
Kolefnishlutleysi	18	Lögbundið hlutverk ÖHU	42
Rannsóknar- og nýsköpunarverkefni	19	Menntun og þjálfun	44
Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum	21	Öruggt atferli	45
Umhverfisvöktun	23	Stóriðjuskóli Norðuráls	45
Símælingar á framleiðslusvæði	23	Samtöl	45
Grænt bókhald	24	Réttindi og virðing	45
Starfsfólk, hráefni og auðlindanotkun	24	Samfélagsverkefni	46
Losun efna og meðhöndlun úrgangs	25	Stjórnkerfismarkmið	47
Úrgangur	26	GRI skrá	48
Losun í loft	27		

GRI 102-45

GRI 102-46

GRI 102-47

GRI 102-50

GRI 102-51

GRI 102-54

GRI 102-56

GRI 103-1

Þessi skýrsla fjallar um fyrirtæki í samstæðureikningi fyrir Norðurál Grundartangi ehf. og Norðurál ehf. Hér eru gefnar út upplýsingar um samfélags-, umhverfis- og efnahagsmál í samræmi við viðmið GRI staðalsins (GRI Standards). Um er að ræða kjarna (core) staðalsins og gerð eru skil á öllum þeim GRI vísum sem tengjast starfsemi Norðuráls. Stuðst er við kortlagningu stýrihóps á helstu snertiflötum starfseminnar, stefnu, gildum og markmiðum félagsins. GRI vísarnir eru aðgengilegir í GRI skrá. Stýrihópur vann að mikilvægisgreiningu í samráði við Langbrók ehf., GRI vottaðan ráðgjafa árið 2021.

Útgefið í júní 2024.

Skýrslan fjallar um tímabilið frá 1. janúar til 31. desember 2023.

Ábyrgðaraðilar: Sólveig Kr. Bergmann og Margrét Rós Gunnarsdóttir.

Umbrot: Grafísk Smiðja ehf. / Ómar Örn

Kjarninn í samfélagsábyrgð Norðuráls miðar að því að skapa efnahagsleg verðmæti á sjálfbæran og ábyrgan hátt, og haga starfsemi okkar þannig að við hámarkum jákvæð áhrif á samfélagið. Við stefnum á kolefnishlutleysi í okkar rekstri og tökum virkan þátt í þróunar- og nýsköpunarverkefnum til að draga úr losun á CO₂. Einnig tökum við þátt í verkefnum þar sem verið er að leita leiða til að fanga og binda, eða nýta það CO₂ sem losnar við álframleiðslu Norðuráls.

Við settum okkur það markmið að draga úr losun á kolefni sem fellur til vegna starfseminnar utan framleiðsluferilsins um að minnsta kosti 40% fyrir árið 2030, miðað við árið 2015. Á árinu 2023 náði starfsfólk því markmiði af draga saman þá losun um 45%. Árangurinn hefði ekki náðst án samstillts átaks og skýrrar umhverfisvitundar þar sem horft er til aðfanga, hámarksnýtingar og endurvinnslu. Árangurinn er okkur jafnframt hvatning til að halda áfram ötulu starfi við að draga úr umhverfis-áhrifum starfseminnar. Við horfum því til nýrra og háleitari markmiða og stefnum á 55% samdrátt fyrir árið 2030.

Veruleg lækkun varð á markaðsverði áls á árinu 2023 miðað við árið 2022 og sjást merki þess í afkomu Norðuráls. Meðalverð áls á markaði var 2.285 USD árið 2023 samanborið við 2.820 USD árið 2022 sem er tæp 20% lækkun á álverði. Útflutningsverðmæti Norðuráls námu 114 milljörðum króna árið 2023. Af þeim tekjum námu greiðslur til íslenskra aðila 63,3 milljörðum króna í formi opinberra gjalda, launa og innkaupa frá innlendum birgjum og þjónustuaðilum.

Við höldum ótrauð áfram byggingu nýrrar framleiðslulínu á árinu þar sem framleiddar verða álstangir (e.billets). Stangirnar eru sívalningar úr áli sem fara í framleiðslu á margskonar vörum sem framleiddar eru með þrýstimótun. Álstangir eru eftirsóttar af evrópskum viðskiptavinum, en ál er lykilefni við framleiðslu t.d. rafbíla, sólarrafhlaða, flugvéla og umhverfissvænna bygginga. Með framleiðslu álstanga er Norðurál því að færa sig nær viðskiptavinum sínum og jafnframt færa verðmættaukninguna til Íslands. Um er að ræða fjárfestingu sem nemur um 16 milljörðum króna. Með því að nota íslenska orku verður kolefnisspor framleiðslunnar mun minna en ef hún færi fram erlendis. Þá er áætlaður orkusparnaður um 40%.

Stærsti einstaki þátturinn í kolefnisspori álframleiðslu á heimsvísu er raforkan. Á Íslandi er orkan endurnýjanleg og þegar það helst í hendur við stöðugan rekstur og öruggan tækjabúnað getum við framleitt ál sem er það grænasta í heimi.

Norðurál leggur áherslu á að vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem boðið er upp á fjölbreytt og krefjandi störf fyrir öll kyn. Undanfarin ár hefur Norðurál hlotið viðurkenningu Jafnréttisvogarinnar sem undirstrikar þau markmið sem við höfum að leiðarljósi í jafnréttismálum. Enn er björninn þó ekki unninn og tækifæri til að ráða fleiri konur í störf framleiðslustarfsfólks, iðnaðarmanna, verk- og tæknifræðinga.

Við erum stolt af samstarfsfólki okkar, fyrirtækinu og þeim árangri sem við höfum náð. Við erum jafnframt hluti af stærra samfélagi sem nær til fjölskyldna okkar, nágrennis og alls umhverfisins. Við erum stolt af samfélagi okkar og viljum að samfélagið sé stolt af okkur.

Gunnar Guðlaugsson



Um Norðurál


GRI 102-1
GRI 102-12
GRI 102-2
GRI 102-3
GRI 102-5
GRI 102-6
GRI 102-7
GRI 102-9

Norðurál Grundartangi ehf. rekur álver á Grundartanga og framleiðir ál og álblöndur fyrir alþjóðamarkað. Fyrirtækið hefur starfsleyfi fyrir framleiðslu á allt að 350 þúsund tonnnum af áli á hverju ári. Starfsstöðvar eru á Grundartanga og í Skógarhlíð í Reykjavík.

Norðurál Grundartangi ehf. er í 100% eigu Norðuráls, sem er í 100% eigu Century Aluminum Company, sem er skrásett í Bandaríkjunum. Stjórn Norðuráls Grundartanga ber ábyrgð á að skipulag og rekstur sé í góðu ástandi, ber ábyrgð á framþróun og langtíamarkmiðum Norðuráls Grundartanga og hefur eftirlit með daglegum rekstri fyrirtækisins.

Norðurál Grundartanga var með samning við Concord Resources Limited og Glencore International vegna sölu á öllu áli fyrir framleiðslu og til afhendingar á árinu 2023.

Samningurinn er byggður á markaðsverði LME á áli auk álags við sölu innan Evrópusambandsins.



Samfélagsleg ábyrgð Norðuráls

Hjá Norðuráli er lögð áhersla á virðingu fyrir mannréttindum, samfélagi og umhverfi. Stöðugt er unnið að því að halda umhverfisáhrifum af starfseminni í lágmarki og nýta vel orku og hráefni. Öryggi, heilbrigði og vellíðan starfsfólks er í fyrirrúmi. Lögð er áhersla á jafnan rétt starfsfólks til starfsframa, launa og réttinda, óháð kynferði, kynhneigð, trúarbrögðum eða uppruna. Við leitumst við að hafa hvetjandi áhrif á alla virðiskeðju okkar og leggjum áherslu á að innkaup séu unnin af heilindum og í samræmi við gildi fyrirtækisins.

Öflug áhættustýring hefur verið innleidd hjá Norðuráli og greinist áhætta fyrirtækisins í fjóra flokka: viðskiptaáhættu, fjármögnunaráhættu, rekstraráhættu og umhverfisáhættu.

Norðurál er verulega háð verðbreytingum á áli, verði og aðgengi að orku, launakostnaði og kostnaði við öflun lykilhráefna, eins og súrál og rafskauta. Laun, skattar og ýmiss annar rekstrarkostnaður er í íslenskum krónum en tekjur fyrirtækisins að mestu í dollurum. Óhagstæðar breytingar á þessum þáttum geta haft veruleg áhrif á rekstur fyrirtækisins.

Helstu tækifæri felast í lágu kolefnisspori íslensks áls ásamt legu landsins, sem er innan markaðssvæðis þar sem mikil eftirspurn er eftir áli.

Norðurál er eitt stærsta iðnfyrirtæki landsins, einn stærsti vinnustaðurinn og einn af stærstu kaupendum íslenskrar raforku. Kjarninn í samfélagsábyrgð okkar miðar að því að skapa verðmæti á sjálfbæran og ábyrgan hátt til framtíðar, með jákvæðum áhrifum á samfélagið.



Helstu áherslumál

Framleiðsla í sátt við umhverfið

Stöðugt er unnið að lágmörkun umhverfisáhrifa og ábyrgri nýtingu orku og hráefna. Norðurál stuðlar að aukinni umhverfisvitund og þátttöku starfsfólks í umbótum. Norðurál uppfyllir kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, sem og lögum og reglum um umhverfismál.

Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum

Norðurál hefur sett sér metnaðarfull markmið um að losun gróðurhúsalofttegunda utan viðskiptakerfis ESB skuli árið 2030 hafa dregist saman um a.m.k. 40% miðað við árið 2015. Árið 2023 nam samdráttur í losun 45% og er upphaflegu markmiði því þegar náð. Við stefnum að enn frekari árangri og setjum nú markið á 55% samdrátt árið 2030.

Markviss umhverfisvöktun

Umhverfisvöktun tekur til mælipátta í lofti, sjó og ferskvatni, húsdýrum og gróðri í og við Hvalfjörð. Þar er gengið úr skugga um að starfsemi Norðuráls hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið. Umhverfisvöktun er framkvæmd af óháðum aðilum. Árið 2023 voru tekin um 450 sýni frá 171 sýnatökustað.

Minni sóun og betri nýting verðmæta

Norðurál heldur grænt bókhald, sem er nákvæm skrá yfir allt efni sem kemur til álversins og allt sem fer frá því. Markmið okkar er að takmarka alla efnisnotkun eins og kostur er og gera ítarlega grein fyrir því hvað verður um öll efni.

Fólk í fyrirrúmi

Norðurál hagar starfsemi sinni og viðskiptum með virðingu fyrir mannréttindum. Norðurál leggur áherslu á jafnan rétt starfsfólks til starfsframa, launa og réttinda, óháð kynferði, kynhneigð, trúarbrögðum eða uppruna. Norðurál vinnur að stöðugum umbótum og uppfyllir lög og aðrar kröfur um mannréttindi og jafnrétti.

Virk þátttaka starfsfólks í forvörnum og umbótum

Norðurál hefur öryggi og heilbrigði í fyrirrúmi. Lögð er áhersla á að starfsfólk þekki áhættu og örugg vinnubrögð og að ekkert verk eigi að vinna við ótryggar aðstæður. Áhersla er lögð á virka þátttöku starfsfólks í forvörnum og umbótum. Norðurál uppfyllir lög og reglur um öryggis- og heilbrigðismál.

Uppbyggileg samskipti

Við erum hluti af stærra samfélagi sem nær til fjölskyldna okkar, nágreinnis og alls umhverfisins. Við erum stolt af samfélagi okkar og viljum að samfélagið sé stolt af okkur.

Ábyrgir viðskiptahættir

Norðurál lítur á það sem hluta af samfélagslegri ábyrgð sinni að miðla þekkingu starfsfólks, jafnt til fræðasamfélagsins sem og tækni- og nýsköpunariðnaðar. Með því að stuðla að öfluglu samstarfi á því sviði getur Norðurál stuðlað að skilvirkari starfsemi og mögulega samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda.

Ábyrg innkaup

Norðurál leggur áherslu á að öll innkaup séu unnin af heilindum, ábyrgð og hagkvæmni. Norðurál hagar starfsemi sinni þannig að við innkaup sé tekið tillit til gæða-, umhverfis- og heilsusjónarmiða. Norðurál vinnur að stöðugum umbótum og uppfyllir lög og reglur um innkaup er gilda hverju sinni.

Stöðugt umbótastarf

Alltaf má gera betur á öllum sviðum. Aldrei má stoppa og láta gott heita, heldur leita leiða til að ná meiri árangri. Stöðugar umbætur eru leiðarstefið í stjórnkerfum Norðuráls og er á hverjum degi unnið að umbótaverkefnum, stórum sem smáum, með það að leiðarljósi að gera starfsemi okkar skilvirkari, öruggari, umhverfisvænni og minnka sóun.

Útflutningsverðmæti

Útflutningsverðmæti Norðuráls námu 114 milljörðum króna árið 2023. Af þeim tekjum námu greiðslur til íslenskra aðila 63,3 milljörðum króna í formi opinberra gjalda, launa og innkaupa frá innlendum birgjum og þjónustuaðilum.

Gerum enn betur

Starfsfólk Norðuráls náði 45% samdrætti á losun sem heyrir undir Aðgerðaráætlun okkar í loftslagsmálum. Við höfðum sett okkur markmið um 40% samdrátt fyrir árið 2030. Nú er stefnan sett á 55% samdrátt fyrir 2030.

Ný framleiðslulína

Kapp var lagt á að ljúka byggingu á nýrri framleiðslulínu í steypuskála. Þegar framleiðsla hefst árið 2024 verður langstærsti hluti þess áls sem Norðurál framleiðir viðisaukandi vara, álstangir og álblöndur.

Kolefnisbinding í skógi

Norðurál hefur fest kaup á 1.100 vottuðum íslenskum kolefniseiningum frá Yggdrasil Carbon (YGG) úr fyrsta vottaða kolefnisbindingarverkefninu. Einingarnar koma frá verkefni YGG á Arnaldsstöðum í Fljótsdal en greni fura og ösp voru gróðursett í það verkefni sumarið 2022. Kolefniseiningarnar verða ekki virkar fyrr en mælingar sýna raunverulega bindingu í skóginum, en gert er ráð fyrir því að einingar Norðuráls muni raungerast allt til ársins 2072.

Ein vottuð kolefniseining verður til þegar eitt tonn af koltvísýringi, sem hefur verið mælt með viðurkenndum aðferðum og vottað sem slíkt, er dregið úr andrúmslofti eða er hindrað að berist í andrúmsloft.

Fjörusteinninn

Norðurál hlaut Fjörusteinninn, umhverfisverðlaun Faxaflóahafna, en þau hljóta fyrirtæki sem sýna fram á framsækni í umhverfismálum og eru til fyrirmyndar hvað varðar snyrtilegt umhverfi. Þetta eru önnur umhverfisverðlaunin sem við hljótum en árið 2022 var Norðurál valið Umhverfisfyrirtæki ársins af Samtökum atvinnulífsins.

Jafnvægisvogin

Norðurál hlaut viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar þriðja árið í röð. Jafnvægisvogin er hreyfiaflsverkefni Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA) sem stuðlar að jöfnum hlut karla og kvenna í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja.

Umhverfisvænni og verðmætari afurð

Ný framleiðslulína

Á Grundartanga reisir Norðurál nýja framleiðslulínu þar sem framleiddar verða álstangir. Álstangirnar eru framleiddar fyrir kaupendur í Evrópu og verða að stórum hluta notaðar í framleiðslu rafbíla og annars há-tæknibúnaðar.

Ekki er um að ræða aukningu á álframleiðslu, heldur verður álið unnið áfram og verðmeiri afurð búið til, en álstangirnar eru verðmætari en hleifarnir sem steypfir eru í núverandi steypuskála. Þegar framleiðslan hefst verður langstærstur hluti þess áls sem Norðurál framleiðir virðisaukandi vara, álstangir og álblöndur.

Framkvæmdir eru hafnar og gert er ráð fyrir að nýja framleiðslulínan verði gangsett árið 2024.

Minna kolefnisfótspor

Norðurál notar 100% endurnýjanlega raforku við alla framleiðslu, en hingað til hafa álhleifar Norðuráls verið bræddir í stangir í Evrópu, þar sem notuð er raforka með stærra kolefnisspori. Engin aukalosun verður við framleiðslu álstanga í steypuskála Norðuráls og orkuþörf verður mun minni en ef þær væru steyptar erlendis.

Græn fjármögnun

Verkefnið er að fullu fjármagnað á Íslandi og vegna þess hve jákvæð umhverfisáhrifin eru uppfyllir það skilyrði fyrir grænni fjármögnun hjá Arion banka.

Fjörutíu ný störf

Um er að ræða fjárfestingaverkefni sem hleypur á um 120 milljónum dala, eða um 16 milljörðum króna. Gert er ráð fyrir því að útflytningstekjur Norðuráls aukist um 3-4 milljarða króna á ári. Þá mun raforkunotkun Norðuráls aukast um 10 MW. Meðan á framkvæmdum stendur verða til um 80-90 bein störf og þá verða til um 40 varanleg störf þegar framleiðsla um nýja línu hefst.

Í stuttu máli:

- **Kostnaður:** 16 milljarðar króna
- **Störf við framkvæmdir:** 80-90 í tvö ár
- **Fjöldi nýrra starfa eftir framkvæmdir:** 40
- **Aukning útflytningstekna:** 3-4 milljarðar króna á ári
- **Aukin raforkunotkun:** 10 MW
- **Bætt orkunýting:** 40%

Vottanir, gæðastaðlar, siðir og lög

Alþjóðleg ASI vottun

ASI (The Aluminium Stewardship Initiative) eru alþjóðleg samtök leiðandi álframleiðenda og hráefnisframleiðenda, umhverfissamtaka og samtaka um samfélagsábyrgð, ásamt framleiðendum á vörum úr áli og álblöndum. Markmið samtakanna er að hvetja til samfélagsábyrgðar og vandaðra vinnubragða við álframleiðslu og álnotkun, allt frá frumvinnslu hráefnis að endanlegri afurð og endurvinnslu áls. Félagar í samtökunum koma úr öllum áttum og heimshornum, allt frá námafyrirtækjum, umhverfis- og mannréttindasamtökum til heimspekktra fyrirtækja á neytendamarkaði.

Norðurál hlaut í janúar 2020 alþjóðlega ASI vottun um umhverfissvæna og ábyrga framleiðslu. Vottunin staðfestir að starfsemi og viðskipta-hættir fyrirtækisins eru samfélagslega ábyrg og framúrskarandi á sviði umhverfissvænnar framleiðslu.

Á árinu 2023 fékk Norðurál Grundartanga og höfuðstöðvar Century Aluminum endurvottun á ASI performance standard til þriggja ára. Um var að ræða uppfærða útgáfu af staðlinum þar sem enn ríkari kröfur eru gerðar. Unnið er með niðurstöður úttektarinnar og tækifæri til úrbóta fram að næstu úttekt sem áætluð er í lok árs 2024.

Niðurstöður úttekta má að finna á heimasíðu [ASI](#):

LME (London Metal Exchange) setti nýverið kröfur á skráð vörumerki markaðarins um ábyrg innkaup (e. responsible sourcing) og höfðu framleiðendur til ársloka 2023 til að uppfylla þær. Kröfurnar byggja á ráðgjöf OECD. Þar sem Norðurál er vottað samkvæmt ISO 14001, ISO 45001 og uppfærðum ASI staðli uppfylfum við þær kröfur að vera skráð vörumerki á LME. Finna má yfirlit yfir skráð vörumerki og stöðu þeirra á heimasíðu [LME](#).



ISO vottanir

Norðurál er með ISO 9001 vottað gæðastjórnunarkerfi og umhverfis- og öryggisstjórnunarkerfi vottuð samkvæmt ISO 14001 og ISO 45001 stöðlum. Vottunin tekur til framleiðslu Norðuráls á áli og álmelmi.

ISO staðlar eru byggðir upp í svokallaðri PDCA (Plan-Do-Check-Act) hugmyndafræði um stöðugar umbætur, og er samþætt stjórnkerfi Norðuráls byggt upp til að uppfylla þær kröfur sem staðlarnir gera. Fyrsta úttekt á stjórnkerfum fór fram árið 2012 (ISO 9001) og 2013 (ISO 14001 og ISO 45001). Stjórnkerfum er viðhaldið með úttektum ytri aðila tvisvar á ári auk þess sem innri úttektir eru framkvæmdar reglulega.

GRI 102-9
GRI 102-11
GRI 102-12
GRI 102-13
GRI 102-16
GRI 412-3
GRI 414-1
GRI 414-2



Úttektir á ISO9001, ISO14001 og ISO45001 voru tvær á árinu. Í fyrri úttektinni komu fram fjögur frávik og 13 tækifæri til úrbóta. Seinni úttektin leiddi í ljós þrjú frávik og 9 tækifæri til úrbóta. Niðurstöður úttekta ásamt greiningum á frávikum og eftirfylgni með fyrirbyggjandi aðgerðum og tækifærum til úrbóta er að finna í ábendinga- og úttektakerfum Norðuráls.

Í seinni ISO úttekt ársins var umfang stjórnkerfisins útvíkkað vegna framleiðslu á álsívalningum. Næsta úttekt ytri aðila er áætluð í maí 2024 og mun áhersla þeirrar úttektar vera á nýja framleiðslulínu.

Norðurál er jafnframt jafnlaunavottað fyrirtæki samkvæmt ÍST 85:2012 staðlinum og handhafi gullmerkis PWC.

Úttektir

Í mars 2023 kom Vinnueftirlitið í eftirlitsheimsókn í kjölfar úttektar frá árinu 2020. Tvö atriði eru í eftirfylgni frá þeirri heimsókn og er áfram unnið með tækifæri til úrbóta.

Vinnueftirlitið gerði á haustdögum stafrænt eftirlit á fylgni við lög um vernd upplýstrara nr. 40/2020. Reglur um verklag um upplýstrun VLR-4126 var gefið út og kynnt á samskipta-svæðinu Teams.

Eftirlitsheimsóknir Umhverfisstofnunar voru tvær á árinu. Önnur heimsóknin var frávikalaus. Í seinni heimsókninni voru tvö frávik en úrbætur á þeim voru þegar komnar í ferli innanhúss.


Zurich, tryggingarfélag Century, gerði sína árlegu úttekt í september. Engar nýjar athugasemdir komu úr úttektinni en þrjár eru í vinnslu frá fyrri úttektum.

Auk þess var úttekt á ASI vottun, IST85 vottun og tvær úttektir á ISO vottunum.

**Yfirsýn yfir
stjórnkerfið**

**Starfsemi
fyrirtækisins**

**Viðskiptaumhverfi
og samfélag**



Stjórnkerfi Norðuráls samanstendur af ýmsum þáttum en þar er helst að nefna gæðahandbók sem inniheldur ferla og leiðbeiningar ásamt ábendingakerfi þar sem skráð eru atvik og ábendingar. Ábendingum er fylgt eftir með fyrirbyggjandi aðgerðum og tækifærum til úrbóta. Stjórnkerfið tilheyrir allri starfsemi Norðuráls, þar með öllu starfsfólki og verktökum.

Norðurál starfar í samræmi við lög um ársreikninga, einkahlutafélög, hollustuhætti og mengunarvarnir, samkeppni, persónuvernd og peningaþvætti auk almennrar vinnulöggjafar og landslaga. Fyrirtækið uppfyllir kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum og reglum um umhverfismál og hefur undirritað Parísarsáttmálann um samdrátt í losun utan ETS kerfis.

Lögð er áhersla á gæðavitund starfsfólks og þátttöku í umbótum í umhverfismálum, öryggi, heilbrigði og mannréttindum.

Sjá stefnu Norðuráls [hér](#)

GRI 102-11
GRI 102-12
GRI 102-16
GRI 102-17
GRI 102-22
GRI 102-25
GRI 207-3

Hagaðilar


Margt í vinnubrögðum okkar er afleiðing af samræðum og samvinnu við hagaðila. Samskipti okkar við þá byggjast á skuldbindingu um gagnsæ og heiðarleg samskipti, enda mikilvægur þáttur í áframhaldandi velgengni fyrirtækisins.

Samstarf og verklag, þ.m.t. tíðni samstarfs, fer eftir eðli og hagsmunahópum. Samskiptaáætlun liggur að baki samskiptum, og samstarfs- og framkvæmdaverkefni eru skráð í stjórnkerfum Norðuráls. Birgjum okkar og verktökum er skylt að fylgja stöðlum Norðuráls í öryggis- og umhverfismálum sem og viðskiptasiðferði. Við kunnum að meta endurgjöf frá hagaðilum okkar og bregðumst við fyrirspurnum.

Hagaðilagreining byggir á samstarfsflötum og sameiginlegum hagsmunum.

Norðurál á í samstarfi við eftirfarandi samtök/félög:

- (ASI) Aluminium Stewardship Initiative
- Álklasinn
- European Aluminum
- Festa
- Grænvangur
- Samál
- Samtök atvinnulífsins
- Samtök iðnaðarins



Hlutverk



Skapa verðmæti á samkeppnishæfan hátt



Framleiða ál sem mætir þörfum viðskiptavina



Vera ábyrgur þegn í samfélaginu

Sjón



Vera fyrirtæki í fremstu röð



Vera slysalaus vinnustaður



Vera eftirsóknarverður vinnustaður

Gildi



Hagsýni



Liðsheid



Heilindi

Siðferði og heilindi

Century Aluminum Company, móðurfélag Norðuráls, og öll tengd félög skuldbinda sig til þess að hlíta ströngustu kröfum um heiðarleika, siðferði og ráðvendni í viðskiptum. Stjórnendum eru settar siðareglur til að sporna við óheiðarleika og siðleysi í háttsemi og stuðla að því að öll starfsemi félagsins standist þessar kröfur.

Starfsfólk má ekki leyfa, bjóða, lofa né veita greiðslur í reiðufé eða öðrum verðmætum, beint eða gegnum þriðja aðila, til opinberra embættismanna eða starfsfólks fyrirtækis í einka-geiranum, né til maka, sambýlisaðila, barns eða annars skyldmennis neinna slíkra aðila í þeim tilgangi að hafa áhrif á eða umbuna fyrir gjörðir eða ákvarðanatöku slíkra aðila eða til að öðlast ávinning.

Hagaðilar og starfsfólk geta á auðveldan hátt tilkynnt um grun á broti til regluvarðar (generalcounsel@centuryaluminum.com) eða nafnlaust gegnum tilkynningakerfi óháðs þriðja aðila, Ethical Advocate. Tilkynningar má senda allan sólarhringinn, alla daga, með því að hringja í síma 800 9610. Í kjölfar tilkynningar er hrint úr vör rannsókn innanhúss.

Við gerum þá kröfu að allir birgjar og samstarfsaðilar Norðuráls, hvort sem um er að ræða viðskiptavinum, verktaka, umboðsmenn eða ráðgjafa, starfi af heilindum og ástundi heiðarleg viðskipti.

GRI 102-11

GRI 102-12

GRI 102-17

GRI 102-25

GRI 102-38

GRI 205-1

GRI 205-2

GRI 412-3

GRI 414-1

Fjögur heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Ísland er aðili að Rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna) og jafnframt aðili að Kyoto-bókuninni og Parísar-samkomulaginu. Loftslagssamningur Sameinuðu þjóðanna er helsti vettvangur ríkja heims til þess að ná fram samningum um hnattræn viðbrögð við loftslagsbreytingum. Því er vel við hæfi að stór íslensk fyrirtæki fylgi eftir áætlunum stjórnvalda og leggi sig fram um að gera betur.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru 17 talsins með 169 undir-markmið og taka jafnt til innanlandsmála sem alþjóðasamstarfs. Þau eru samþætt og mynda jafnvægi milli þriggja stöða sjálfbærrar þróunar: efnahagslegrar, félagslegrar og umhverfislegrar.

Norðurál vinnur markvisst að fjórum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna:



Mannréttinda- og jafnréttisstefna, Mannréttinda- og jafnréttismarkmið Jafnlaunavottun og Jafnréttis-áætlun Norðurláts stuðla að því að ná 5. heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna, sem er **að jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna eflað.**



Öryggis- og heilbrigðisstefna, Markmið í öryggis- og heilbrigðismálum, Mannréttinda- og jafnréttisstefna og Mannréttinda- og jafnréttismarkmið **stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla.**



Gæðastefna, Gæðamarkmið, Umhverfisstefna, Umhverfismarkmið, Innkaupastefna, Innkaupamarkmið, Starfsleyfi og Umhverfissvöktun miða að því að **sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð.**



Umhverfisstefna, Umhverfismarkmið, Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum, Innkaupastefna og Innkaupamarkmið og þátttaka í rannsóknarverkefnum eru helstu aðgerðir Norðurláts til að vinna að 13. heimsmarkmiði SP. **Grípa þarf til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.**

Hagnaður á árinu og verðmæti til samfélagsins

GRI 102-7
GRI 201-1
GRI 207-1
GRI 415-1

Veruleg lækkun var á markaðsverði áls á árinu 2023 miðað við árið 2022 og sjást merki þess í afkomu félagsins á árinu 2023. Meðalverð áls per tonn á markaði var 2.285 USD árið 2023 samanborið við 2.820 USD árið 2022 eða tæplega 20% lækkun.

Útflutningsverðmæti Norðuráls námu 114 milljörðum króna árið 2023. Af þeim tekjum námu greiðslur til íslenskra aðila 63,3 milljörðum króna í formi opinberra gjalda, launa og innkaupa frá innlendum birgjum og þjónustuaðilum. Launagreiðslur ásamt launatengdum gjöldum námu 10,3 milljörðum króna og meðallaun starfsfólks voru 13 milljónir króna á ári.

Norðurál skilar verðmætum til samfélagsins með ýmsum hætti. Skattspor félagsins árið 2023 nam 6,8 milljörðum króna. Með öflun gjaldeyristekna, innkaupum á innlendri vöru og þjónustu, greiðslu skatta og opinberra gjalda, sköpun fjölmargra vel launaðra starfa og almennum og víðtækum stuðningi við samfélagið hefur Norðurál mikil og jákvæð áhrif á íslenskt efnahagslíf.

Framleiðsla Norðuráls árið 2023 var um 310 þúsund tonn, sem er um 4.000 tonna aukning í framleiðslu frá fyrra ári. Ástæða aukningu í framleiðslu má aðallega rekja til orkuskerðingar sem félagið varð fyrir á fyrri hluta ársins 2022 þar sem skerða varð afhendingu orku til stórnotenda vegna tímabundinnar ónógrar framleiðslugetu orkuveitna.

Lykiltölur 2023	Milljónir ísl króna
1. Tekjur	114.075
2. Hagnaður (tap)	-5.815
3. EBIDTA	10.529
8. Fjárfestingahreyfingar	10.856
4. Eiginfjár hlutfall	67%
5. Arðsemi eiginfjár	-4,8%
6. Starfsfólk / Meðalfjöldi starfa	644
7. Álfraframleiðsla	310.421


Árið 1997 var undirritaður fjárfestingarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Norðuráls með gildistíma til 31. október 2018. Árið 2016 virkjaði Norðurál heimild í samingnum um endurskoðun skattafyrirkomulags á þá leið að frá árinu 2017 laut félagið almennum íslenskum skattalögum og gaf þannig eftir fyrri skattaívilnanir.

Fjárfestingarsamningurinn er aðgengilegur á [vef Atvinnuvegaráðuneytisins](#).


Skattspor Norðuráls

Efnahagsleg verðmæti af starfsemi Norðuráls námu rúmum 115,5 milljörðum króna árið 2023 og samanstanda þau af sölutekjum, fjármagnstekjum og söluhagnaði eigna. Þar af var 64,7 milljörðum króna ráðstafað til íslenskra aðila með margvíslegum hætti, svo sem launa- greiðslum til starfsfólks, launatengdum gjöldum, kaupum á rafmagni, kaupum á aðföngum og þjónustu, og greiðslu skatta, vaxta og annarra opinberra gjalda.

Skattspor Norðuráls 2023 (mkr)	Milljónir ISK	%
Greiddir skattar og gjöld		
Tekjuskattur	635	9%
Mótframlag í lífeyrissjóði	1.253	18%
Tryggingagjald	615	9%
Fasteignagjöld	391	6%
Hafnargjöld	232	3%
Kolefnisgjald (ETS heimildir)	736	11%
Umhverfisvöktun	56	1%
Aðrir skattar og gjöld	1	0%
Alls greiddir skattar og gjöld	3.919	
Innheimtir skattar		
Staðgreiðsla starfsmanna	2.280	34%
Lífeyrissjóðsgjöld starfsmanna	595	9%
Alls innheimtir skattar	2.875	
Skattspor 2023	6.793	100%



Skattspor Norðuráls tekur til allra skatta og gjalda sem félagið greiðir eða innheimtir á Íslandi ásamt mótframlagi í lífeyrissjóði starfsfólks. Innheimtir skattar teljast ekki gjöld hjá félaginu en eiga uppruna í starfsemi þess og hafa áhrif vegna þeirrar umsýslu sem þeim tilheyrir. Efnahagslegt framlag (verðmæti) rekstrar félagsins árið 2023 nam 115,5 milljarði króna og samanstendur af sölutekjum, fjármagnstekjum og söluhagnaði eigna.



Skattspor	2021	2022	2023
Launagreiðslur og launatengd gjöld	7.4	9.2	10.3
Samtals greiðslur til íslenskra aðila	44.4	64.5	63.3
Heildar útflutningsverðmæti	100.5	140.9	114.1
Hlutfall innlendra greiðslna af heildartekjum félagsins	44.2%	45.8%	55.5%
Skattspor félagsins	5.8	5.0	6.8
Meðallaun starfsmanna í milljónum kr. á ári	9.7	11.5	13.0
Efnahagsleg verðmæti sköpuð (Economic value generated)	106.2	167.0	115.5

Upphæðir eru í milljörðum ISK á meðalgengi hvers árs.

ETS kerfið

Sú losun gróðurhúsalofttegunda sem er beintengd framleiðsluferli Norðuráls fellur undir viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir (ETS). Markmið þess er að draga úr losun frá framleiðslu stærri iðnfyrirtækja í Evrópu þar sem fyrirtækin þurfa að kaupa losunarheimildir. Viðskiptakerfið virkar því sem hagrænn hvati fyrir iðnfyrirtæki til að draga úr losun.

Græn fjármögnun nýrrar framleiðslulínu

Ný framleiðslulína gerir Norðuráli kleift að framleiða verðmætari vörur hér á landi með minni orkunotkun og minna kolefnisspori. Um er að ræða fjárfestingaverkefni sem hleypur á um 120 milljónum dala, eða um 16 milljörðum króna. Verkefnið er fjármagnað með grænni fjármögnun hjá Arion banka. Græn fjármálaumgjörð Arion banka byggir á viðmiðum Alþjóðasamtaka aðila á verðbréfamarkaði, ICMA, og horfir til flokkunarkerfis Evrópusambandsins og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Heiðarleg viðskipti

Móðurfélag Norðuráls, Century Aluminum Company, og dótturfélög þess hafa einsett sér að ástunda gott siðferði og fara að lögum í viðskiptum um allan heim. Bandarísk og alþjóðleg lög og reglur banna spillta viðskiptahætti, s.s. óeðlilega fyrirgreiðslu og rangfærslur í bókhaldi og öðrum gögnum.

Tilgangurinn með stefnunni er að setja upp staðla og verklag sem starfsmönnum er skylt að hlíta til að tryggja að farið sé að lögum og tryggja gott orðspor fyrirtækis sem stundar heiðarleg viðskipti.

Losun frá álframleiðslu Norðuráls er með því lægsta sem þekkist í heiminum. Þessi árangur næst með vönduðum vinnubrögðum og skilvirku eftirliti með rekstri. Losun utan framleiðslu minnkar stöðugt og þar er unnið eftir nákvæmri aðgerðaráætlun og skýrum markmiðum.

Umhverfisstefna

Norðurál leggur áherslu á að starfsemi fyrirtækisins sé í sátt við umhverfið. Stöðugt er unnið að lágmörkun umhverfisáhrifa og ábyrgri nýtingu orku og hráefna. Norðurál stuðlar að aukinni umhverfisvitund og þátttöku starfsfólks í umbótum. Norðurál uppfyllir kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum og reglum um umhverfismál.

Umhverfismarkmið

- Lágmörkun losunar
- Starfsfólk þekki umhverfisáhrif starfseminnar
- Ábyrg endurnýting og förgun

Kolefnishlutleysi

Norðurál framleiðir ál með einu lægsta kolefnisspori í heimi. Þegar litið er á framleiðsluferlið í heild, allt frá vinnslu hráefna til afhendingar fullunninnar vöru til viðskiptavina, nemur kolefnisspor¹ áls frá Norðuráli einungis um fjórðungi af heimsmeðaltalinu. Við stefnum að því að verða fyrsta álver í heiminum sem framleiðir kolefnishlutlaust ál.

Stærsta uppspretta gróðurhúsalofttegunda frá álverum er CO₂ sem losnar frá kolefnis-skautum við rafgreiningu á áli. Með bestu fáanlegu tækni er ekki til önnur aðferð til að frumframleiða ál. Þess vegna er einkum horft til tveggja leiða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá álverum:

1. Að þróa nýja tegund skauta þar sem kolefni binst ekki súrefni. Það hefði í för með sér að losun CO₂ yrði hverfandi.
2. Að fanga CO₂ úr útblæstri kerskála og háfa. Stærsta áskorunin er sú að styrkur CO₂ per rúmmál í útblæstri er lágur, eða álíka mikill og í andrúmsloftinu.

¹ Losunarsvið 1, 2 og 3

Þróun og nýsköpun

Norðurál tekur þátt í þróunar- og nýsköpunarverkefnum sem miða að því að gera álframleiðslu okkar að fullu kolefnishlutlausu. Meðal verkefna sem verða unnin á Íslandi þar sem hugvit og þekking sérfræðinga Norðuráls leikur lykilhlutverk:

- Norðurál og norska fyrirtækið Ocean Geoloop stefna að því að nýta tæknilausn fyrir-tækisins til föngunar á CO₂ í útblæstri Norðuráls. Tækni Ocean Geoloop hefur verið prófuð í öðrum iðnaði en áskorun samstarfsins felst í aðlögun tæknilausnarinnar að lágum styrk CO₂ í útblæstri Norðuráls. Fyrirtækin munu vinna að fýsileikagreiningu á árinu 2024 þar sem föngunarferlið verður hermað og tæknigögn undirbúin. Að greiningunni lokinni er stefnt að uppsetningu fyrsta búnaðar til föngunar á Grundartanga í upphafi árs 2025. Reiknað er með að búnaðurinn verði tekinn í notkun árið 2026.
- Norðurál og Carbon Iceland eiga í samtali um föngun og nýtingu á CO₂ frá starfsemi Norðuráls til framleiðslu á grænu eldsneyti. Stefnt er að fýsileikagreiningu á kolefnis-föngun sem verður unnin með samstarfsaðila Carbon Iceland sem býður upp á þróaða lausn til föngunar á kolefni úr iðnaðarstraumum. Greiningin verður unnin á árinu 2024 og munu niðurstöður hennar ákvarða framhald verkefnisins.
- Dr. Guðrún Sævarsdóttir, prófessor við verkfræðideild Háskólans í Reykjavík, hlaut árið 2022 styrk úr Rannsóknarsjóði fyrir verkefni sem snýr að því að gera styrk koldíoxíðs í útblæstri Norðuráls hærri svo hægt sé að nota tæknilausnir eins og til dæmis Carbfix.
- Norðurál styður nemendur í Háskólanum í Reykjavík vegna verkefna sem miða að kolefnishlutleysi. Stuðningurinn hefur verið í tengslum við umsóknir um styrki og aðgengi að gögnum og sérfræðingum. Sarah Elizabeth Di Bendetto vann meistaraverkefnið „Hermun á loftstreymi og varmaflutningi undir yfirbyggingu rafgreiningarkers fyrir álframleiðslu.“ undir handleiðslu Guðrúnar. Þá vann doktorsneminnt Brandon Velasquez verkefnið „Adaptation of Aluminum Reduction Cell for CSS“ þar sem hann þróaði hermunarlíkön af Hall-Héroult álframleiðsluferlinu til þess að kanna möguleika á föngun á koltvísýringi frá álframleiðslu. Bæði hlutu þau Hvatningarviðurkenningu Álklassans fyrir verkefni sín.
- Norðurál er eitt þeirra fyrirtækja sem, ásamt stjórnvöldum og OR, er aðili að vilja-yfirlýsingu um að kanna hvort Carbfix geti orðið raunhæfur kostur til þess að farga CO₂ frá stóriðju. Sem stærsti viðskiptavinur OR höfum við frá upphafi komið að Carbfix verkefninu. Á vettvangi Þróunarfélags Grundartanga er unnið að fýsileikagreiningu á því að nýta Carbfix tæknina til niðurdælingar á Grundartanga. Stefnt er að rannsóknarborun á svæðinu sem er ætlað að varpa ljósi á aðstæður til niðurdælingar.
- Norðurál hefur aðstoðað Arctus Metal sem vinnur að því að þróa kolefnislaus rafskaut. Stefnt er að því að gera Arctus Metal kleift að nota aðstöðu í kerskála Norðuráls til til uppskölunar og semfelldrar langtímakeyrslu á þeirra tækni en slíkt krefst innviða sem Norðurál getur liðsinnt með.




Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum

Umhverfisáhrif vegna losunar gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi Norðurláls eru tvíþætt. Annars vegar eru það umhverfisáhrif sem fylgja álframleiðslunni sjálfri, sem falla undir viðskiptakerfi ESB (ETS) og hins vegar þau almennu umhverfisáhrif sem fylgja rekstri stórs fyrirtækis. Við erum því í raun með tvenns konar umhverfisbókhalð fyrir losun gróðurhúsalofttegunda: eitt sem heldur utan um framleiðsluhlutann og annað sem heldur utan um losun sem verður til við annan rekstur fyrirtækisins.

Við höfum sett okkur metnaðarfull markmið þegar kemur að álframleiðslunni sjálfri, en ekki síður um að lágmarka losun gróðurhúsalofttegunda sem ekki fellur undir viðskiptakerfi ESB. Þetta er í samræmi við skuldbindingar Íslands gagnvart Parísarsamningnum. Árið 2015 settum við okkur markmið um að árið 2030 skyldi losun hafa dregist saman um a.m.k. 40% miðað við árið 2015. Jafnframt skyldi urðun á blönduðum úrgangi hafa dregist saman um minnst 40% fyrir árið 2030 miðað við árið 2015. Báðum markmiðum hefur nú þegar verið náð þegar tímabil áætlunarinnar er einungis hálfnað. Losun gróðurhúsalofttegunda sem áætlunin nær til hefur dregist saman um 45% og magn úrgangs til förgunar um 63%. Við ætlum okkur að ná enn frekari árangri – og stefnum nú að 55% samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og 70% samdrætti í magni almenns úrgangs sem fer til förgunar.

Olíunotkun véla og tækja er stærsti hlutinn af heildinni og þar hefur þegar náðst 31% samdráttur.



Aðgerðaráætlun okkar í loftslagsmálum felur í sér 10 aðgerðir sem taka á stærstu losunarpáttum í þeim hluta starfseminnar sem fellur ekki undir viðskiptakerfi ESB um losunarheimildir eða sjálfa álframleiðsluna.

Vélar og tæki

Markmið: Samdráttur um 820 tonn CO₂ ígilda.....**Aðgerð 1:** Orkuskipti véla og tækja

Kælimiðlar

Markmið: Samdráttur um 296 tonn CO₂ ígilda.....**Aðgerð 2:** Bætt gagnaskráning vegna notkunar kælimiðla

.....**Aðgerð 3:** Endurskoðun á tegund kælimiðils

Samakstur starfsfólks

Markmið: Samdráttur um 123 tonn CO₂ ígilda.....**Aðgerð 4:** Áætlunargerð um orkuskipti fólksbíla Norðuráls

Millilandaflug starfsfólks

Markmið: Samdráttur um 6 tonn CO₂ ígilda.....**Aðgerð 5:** Endurskoðun á ferli við samþykki flugferða. Starfsfólk þarf að skila rökstuðningi fyrir þörf á ferðum milli landa

Endurvinnsla og förgun

Markmið: Samdráttur um 90 tonn CO₂ ígilda

.....**Aðgerð 6:** Samdráttur í plastnotkun

.....**Aðgerð 7:** Kortlagning á möguleikum í nýtingu framleiðsluúrgangs sem fer í flæðigryfjur

.....**Aðgerð 8:** Samræming sorpmerkinga

.....**Aðgerð 9:** Fræðsla um úrgangs- og umhverfismál

.....**Aðgerð 10:** Stuðningur við rannsóknarverkefni í áliðnaði

Nánari grein er gerð fyrir aðgerðaráætlun okkar í loftslagsmálum [hér](#).




Umhverfisvöktun

Nánasta umhverfi Norðuráls, Grundartangi og Hvalfjörður, er eitt mest rannsakaða svæði á Íslandi. Óháðir aðilar hafa eftirlit með um 100 mælipáttum í lofti, sjó og ferskvatni, húsdýrum og gróðri til að ganga úr skugga um að starfsemi fyrirtækja á Grundartanga hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið. Umhverfisvöktun iðnaðarsvæðisins á Grundartanga fer fram samkvæmt umhverfisvöktunaráætlun sem gerð er skv. starfsleyfum og samþykkt af Umhverfisstofnun. Þau fyrirtæki sem taka þátt í umhverfisvöktuninni eru Elkem Ísland, Norðurál Grundartanga og Alur álvinnsla.

Nýjustu útgáfu skýrslu um umhverfisvöktun má finna [hér](#)

Símælingar á framleiðslusvæði

Fylgst er með flúorlosun, ryklosun og brennisteinslosun frá kerskálum og þurrhreinsivirkjunum með símælingum og árlegum samanburðarmælingum ytri aðila. Mælingar á losun flúors um rjáfur kerskála byggjast annars vegar á mælingum á styrk flúorgass í rjáfrinu með leysigeisla og hins vegar á mælingum á loftmagni út um rjáfur með loftflæðimælingum.



Mælistaðir – eftirlit með staðbundinni losun

Norðurál heldur Grænt bókhald, sem er nákvæm skrá yfir allt efni sem kemur til álversins og allt sem fer frá því. Bókhaldið sýnir með skýrum hætti að við höfum náð verulegum árangri á fjölmörgum sviðum. Allt frá bættri nýtingu hráefnis að endurvinnslu lífræns úrgangs í mótuneytinu.

Starfsfólk, hráefni og auðlindanotkun

Magn	2020	2021	2022	2023	Eining
Fjöldi starfsfólks	581	601	631	606	♂/♀
Konur	131	141	134	131	♀
Karlar	450	460	497	475	♂
Raforkunotkun	4.626.000	4.669.000	4.566.844	4.622.893	MWst
Olíunotkun	466.822	440.690	387.619	373.898	Lítrar
Gasnotkun	33	32	22	21	Tonn
Notkun á köldu vatni	180.611	177.116	163.733	158.937	m ³
Notkun á sjó	7.884.000	7.884.000	7.884.000	7.884.000	m ³
Heildarhráefnisnotkun	2,37	2,39	2,38	2,38	t/t Al
Innflutt hráefni	2,37	2,39	2,38	2,38	t/t Al
Eiturefni & hættuleg efni (fast)	605.101	614.410	592.526	600.816	Tonn
Eiturefni & hættuleg efni (fljótandi)	493.990	466.947	417.715	407.506	Lítrar
Notkun umbúða og pökkunarefnis	< 400	< 400	< 400	< 400	Tonn

Losun efna og meðhöndlun úrgangs

Magn	2020	2021	2022	2023	Eining
Losun efna í andrúmsloft					
Flúoríð (loftkennt og rykbundið) F	0,38	0,38	0,40	0,35	kg/t Al
Brennisteinstvíoxíð SO ₂	8,64	10,62	11,69	9,76	kg/t Al
Ryk	0,70	0,71	0,71	0,75	kg/t Al
Koltvísýringur CO ₂	1,50	1,53	1,55	1,54	t/t Al
Flúorkolefnissambönd, PFC CO ₂ ígildi	0,14	0,15	0,13	0,12	t CO ₂ íg. /t Al
Fjölhringa arómatísk vetniskolefni PAH ₁₆	0,000058	0,000056	0,000079	0,000072	kg/t Al
Losun efna í yfirborðsvatn/grunnvatn/sjó					
Seyra	0,07	0,05	0,05	0,09	kg/t Al
Olía/fita í kælivökva frá steypuskála og afriðlum	< 0,5	< 0,5	< 0,5	< 0,5	ppm
Losun efna í holræsakerfi sveitarfélags					
Tæming á rotþró	0,07	0,05	0,05	0,09	kg/t Al
Magn úrgangs til förgunar					
Pressanlegur úrgangur	0,50	0,40	0,45	0,42	kg/t Al
Förgun í flæðigryfju	36	33	28	29	kg/t Al
Magn úrgangs til endurvinnslu					
Skautleifar og kolaryk	109	111	114	113	kg/t Al
Álgjall	8,8	9,2	8,5	8,4	kg/t Al
Timbur	1,0	1,1	0,9	0,9	kg/t Al
Brotajárn	2,1	2,6	2,1	1,9	kg/t Al
Pappi	0,12	0,12	0,12	0,09	kg/t Al
Plast	0,04	0,03	0,05	0,08	kg/t Al
Magn spilliefna til förgunar					
Samtals spilliefni	0,02	0,01	0,03	0,03	kg/t Al

Úrgangur

Magn	2020	2021	2022	2023	Eining
Efni frá fráveitu					
Seyra	21,2	16,4	14,9	29,4	Tonn
Úr fituskiljum	8,4	6,6	3,2	2,5	Tonn
Úr sandföngum og sandgildrum	20	-	9	9	Tonn
Efni til endurvinnslu					
Skautleifar	32.769	33.750	33.429	33.759	Tonn
Kolaryk	1.266	1.302	1.409	1.455	Tonn
Baðefni	2.888	1.823	2.982	3.917	Tonn
Álgjall	2.762	2.890	2.603	2.617	Tonn
Straumteinar	1.986	1.714	1.341	1.560	Tonn
Tindaefni	-	-	-	-	Tonn
Brotajárn	645	830	640	585	Tonn
Timbur	307	362	273	276	Tonn
Pappi	38	37	36	29	Tonn
Plast	13	10	14	24	Tonn
Olía-olíusori	29	4	7	20	Tonn
Hjólbarðar	1,7	9,8	9,4	12	Tonn
Raftæki og rafgeymar	5,1	3,9	5,7	4,6	Tonn
Föt og klæði	4,1	2,9	1,9	1,4	Tonn
Ljósaperur	0,20	0,17	0,26	0,26	Tonn
Olíumengaður úrgangur	9	8	9	19	Tonn
Malbik	-	-	-	-	Tonn
Spilliefni					
Raftæki - spilliefni	0	0,4	-	0,2	Tonn
Spilliefni	4	2	7	9	Tonn
Málning	0,8	0,4	0,8	1,1	Tonn
Efni í flæðigryfju					
Kerbrot	8.289	7.008	5.793	6.571	Tonn
Kolefni – skautsmiðja	1.275	1.409	1.221	1.046	Tonn
Kolefni - kerskáli	1.224	1.242	1.110	1.065	Tonn
Uppsóp	-	-	-	-	Tonn
Afsag af kerfóðrunarefnum	498	413	274	311	Tonn
Ofnafóðringar	121	127	51	145	Tonn
Möl og jarðvegur	-	75	-	-	Tonn
Gjallsandur	1.845	1.041	1.796	3.377	Tonn
Fastur úrgangur					
Pressanlegur úrgangur	157	125	138	130	Tonn
Lífrænn úrgangur	8	10	13	17	Tonn

Losun í loft

Magn	2020	2021	2022	2023	Eining
Efni					
Koldíoxíð frá skautum (CO ₂)	467.721	481.595	474.498	478.319	Tonn
PFC gös (CF ₄ /C ₂ F ₆)	43.137	46.860	38.753	37.463	t CO ₂ ígildi
Brennisteinsdíoxíð (SO ₂)	2.700	3.348	3.580	3.028	Tonn
Fjölhringa arómatísk vetniskolefni (PAH)	18,1	17,6	24,2	22,4	Kg
Heildarflúor (F)	120	121	122	109	Tonn
Ryk (PM10)	218	222	216	234	Tonn

Notkun eiturefna og hættulegra efna (Xn, T, Tx, C, Xi, E, Fx, F, O, N)

Magn	2020	2021	2022	2023	Eining
DAG 2671 (O,T,N)	-	-	-	-	Lítrar
DAG 554/20 (C,N,Xn)	19.540	18.937	20.027	22.730	Lítrar
Plicast strong mix P	152	-	97	107	Tonn
Þjöppusalli (T)	758	660	535	567	Tonn
Kragasalli (T)	1.452	1.219	1.417	1.410	Tonn
Própangas (Fx,F,E)	33	32	22	21	Tonn
Gasolía (Dísilolía) (Xn,O)	466.822	440.690	387.619	373.898	Lítrar
Glussaolía	7.628	7.320	10.069	10.878	Lítrar
Sódi (Xi)	249	227	297	231	Tonn
Álflúoríð (Xn)	4.551	4.233	4.306	4.648	Tonn
Súrál (Xn)	597.881	608.015	585.833	593.809	Tonn
Ferromangan (Xn)	10	10	10	10	Tonn
Ferrofosfór (Xn)	15	13	9	12	Tonn

Framleiðsla og hráefnanotkun

Magn	2020	2021	2022	2023	Eining
Álframleiðsla					
Framleiðsla á hreinu áli	312.629	315.182	306.267	310.421	Tonn
Súrál	597.881	608.015	585.833	593.809	Tonn
Álflúoríð	4.551	4.233	4.306	4.648	Tonn
Forbökuð skaut (nettó notkun)	130.604	133.658	131.222	133.646	Tonn
Própangas	33	32	22	21	Tonn
Dísilolía	466.822	440.690	387.619	373.898	Lítrar
Sódi	249	227	297	231	Tonn
Kragasalli	1.452	1.219	1.417	1.410	Tonn
Steypujárn	871	836	581	704	Tonn
Gaflar og viðgerðarefni	513	596	509	501	Tonn
Raforka	4.626.000	4.669.000	4.566.844	4.622.893	Mwst
Iðnaðarvatn	108.367	106.269	98.240	95.362	m3
Neysluvatn	72.244	70.847	65.493	63.575	m3
Sjór	7.884.000	7.884.000	7.884.000	7.884.000	m3
Kísill	3239	4199	4656	4111	Tonn
Magnesíum	126	153	176	167	Tonn
Titaníum	46	65	73	66	Tonn
Strontíum	16	18	21	17	Tonn
Glussaolía	7.628	7.320	10.069	10.878	Lítrar
Kæliolía	2.804	3.057	1.709	1.850	Lítrar
Ýmis olíuhreinsiefni	1.970	2.035	1.800	1.895	Lítrar
Smurolía	6.997	2.820	5.899	3.765	Lítrar
Kísiljárn	23	20	17	22	Tonn
Ferromangan	10	10	10	10	Tonn
Ferrofosfór	15	13	9	12	Tonn
Kolefni	66	53	48	60	Tonn
Stálhögl	78	86	34	37	Tonn
Tréspírur	17.200	12.250	12.250	17.650	Stk
Rafgeymar	72	67	58	62	Stk

Kolefnislosun

GRI 102-15

GRI 302-2

GRI 305-1

GRI 305-2

GRI 305-3


GRI 305-4

Natur-AL™ vörulína Norðuráls svarar kalli neytenda um aukið gagnsæi, lægra kolefnisspor og aukna upplýsingagjöf.

Það er ekki nóg að segja fólki að vara sé umhverfisvæn. Það verður að vera hægt að styðja þá fullyrðingu með gögnum. Við skoðum allt framleiðsluferlið með nákvæmum hætti, frá því að bauxít er grafið upp og þar til fullunnið ál er komið til viðskiptavinar með lífsferilsgreiningu (e. Life Cycle Assessment) á því áli sem fyrirtækið framleiðir.

Greiningin miðast við vistferli álsins frá vöggu að hliði (e. cradle-to-gate) þar sem tekið er tillit til framleiðslu og flutninga hráefna, staðbundinnar losunar og myndunar úrgangs auk flutnings á lokaafurð framleiðslunnar á markað í Evrópu. Líkan fyrir alla virðis_keðju álframleiðslunnar var útbúið með upplýsingum frá Alþjóðasamtökum álframleiðenda (IAI) ásamt gögnum úr framleiðsluferlum hráefna. Greiningin er gerð í samræmi við ISO staðla 14040:2006 og 14044:2006 og við framkvæmd hennar er notast við hugbúnaðinn GaBi frá Thinkstep, sem og alþjóðlega gagnabanka. Við greininguna eru notuð fimm ára meðaltalsgögn úr framleiðsluferli Norðuráls til að fá lýsandi mynd af ferlinu.

Afraksturinn er vörumerkið Natur-AL™, sem er skrásett vörumerki beggja vegna Atlants-hafsins. Ál undir merkjum Natur-AL™ hefur kolefnisspor sem er undir 4 tonnum koltvíoxíð-ígilda á hvert tonn af áli, og er þar allt tekið með í reikninginn – öflun bauxíts og vinnsla áloxíðs til álvinnslu og flutningur alla leið til kaupanda. Heildarlosun koltvíoxíðígilda við framleiðslu NaturAL™ er fjórðungur af meðallosun álframleiðslu í heiminum, sem er um 16 tonn á hvert tonn af áli.



Lífsferilsgreiningin er unnin af óháðum aðila og við getum boðið viðskiptavinum okkar öll gögn sem þarf til að greina kolefnisspor á neytendavörum sem framleiddar eru úr Natur-AL™ áli.

Við hjá Norðuráli erum sannfærð um að framtíðin liggi í vöruþróun sem þessari. Þetta verkefni sýnir líka fram á mikilvægi áframhaldandi þróunar og nýsköpunar í geirum eins og okkar.


Próun milli ára

	tonn/t Al				
	2019	2020	2021	2022	2023
Bein losun CO ₂ frá framleiðslu á Grundartanga ¹	512.404	514.731	510.858	528.455	513.251
Magn losunar á framleiðslueiningu	1,61	1,63	1,63	1,68	1,68

Losunarsvið 1


Losun gróðurhúsalofttegunda á framleiðslueiningu

tCO₂e/t Al




Losun heildarflúors á framleiðslueiningu

kg/t Al




Losun ryks á framleiðslueiningu

kg/t Al




Losun SO₂ á framleiðslueiningu

kg/t Al




Kolefnislosun vegna samgangna



Losun vegna flugferða starfsfólks jókst árið 2023 þar sem töluverður fjöldi starfsfólks Norðurláts fór í starfsþjálfun til systurálvers okkar í Kentucky í Ameríku vegna undirbúnings fyrir gangsetningu nýrrar framleiðslulínu.

Hjá Norðurláti ferðast stór hluti starfsmanna samferða til og frá vinnu í bílum Norðurláts. Með samakstri er dregið verulega úr heildarfjölda bílferða starfsmanna til og frá vinnu og þannig er dregið úr óbeinni losun frá starfsemi Norðurláts. Við höfum tekið í notkun 50 rafmagnsbíla og hefur losun frá samakstri dregist saman ár frá ári.



Hleðslustöðvum á Grundartanga hefur verið fjölgað í 32. Þessar aðgerðir hafa skilað samdrætti í losun koldíoxíðs sem nemur 125 tonnum, eða um 45.000 lítrum af olíu á ári. Það er 56% samdráttur frá árinu 2015.


Efnisnotkun

Við veljum hráefni okkar eins vel og kostur er til að gera vöruna okkar umhverfisvænni og verðmætari. Losun CO₂ vegna álvinnslu er minni á Íslandi en í nokkru öðru framleiðslulandi. Þessi árangur næst með góðu starfsfólki og stöðugleika í rekstri, ásamt notkun umhverfisvænna orkugjafa. Skýr umhverfisvitund gegnir lykilhlutverki á öllum stigum framleiðslunnar, allt frá aðföngum í fjarlægum löndum að hámarksnýtingu og endurvinnslu hráefna.

Betri nýting

Purrrhreinsivirki á framleiðslusvæði Norðuráls sjá til þess að flúor endurnýtist í framleiðsluferlinu. Yfir 99% þess flúors sem notaður er til álframleiðslunnar er fangaður í virkinu og hann er svo notaður aftur og aftur. Eftir að rafskaut hafa gegnt sínu hlutverki í kerskála eru skautleifar sendar til framleiðenda skautanna í Vlissingen í Hollandi. Þar eru þær notaðar í framleiðslu á nýjum skautum sem aftur eru notaðar við álframleiðslu hjá Norðuráli. Það gjall sem fellur til á framleiðslusvæði Norðuráls fer til vinnslu hjá nágrönnum okkar í Alur á Grundartanga. Alur vinnur ál úr gjallinu sem aftur er notað í framleiðslu á áli hjá Norðuráli.

Norðurál stuðlar að aukinni umhverfisvitund og þátttöku starfsfólks í umbótastarfi. Allt starfsfólk Norðuráls fær bónusgreiðslur sem eru m.a. tengdar frammistöðu fyrirtækisins á sviði umhverfismála.



Endurvinnsla og förgun

Norðurál leggur ríka áherslu á að draga úr myndun úrgangs og að auka endurvinnsluhlutfall. Úrgangur frá Norðuráli skiptist gróflega í endurunnninn úrgang, óendurnýtanlegan framleiðsluúrgang til urðunar í flæðigryfjum, fastan úrgang, efni frá fráveitu og spilliefni.


Íslenska gámafélagið er þjónustuaðili sorphirðu hjá Norðuráli á Grundartanga. Starfsmaður sorphirðu á vegum Íslenska gámafélagsins hefur umsjón með söfnun úrgangs frá móttökustöðvum á framleiðsluvæðinu. Úrgangi er safnað á gámasvæði þar sem hann er flokkaður nánar.

Í aðgerðaráætlun Norðuráls er metin losun frá urðun á almennum úrgangi, bæði blönduðum úrgangi frá kaffistofum ásamt grófum úrgangi og jarðgerð á lífrænum úrgangi.


Urðun á blönduðum úrgangi var hætt vorið 2021. Eftir stendur óbrennanlegur grófur úrgangur sem ekki er nothæfur til orkunýtingar. Áfram verður unnið að því að lágmarka myndun úrgangs og finna efninu annan farveg.

Frá árinu 2015 hefur losun vegna meðhöndlunar úrgangs dregist saman um 87 tonn koldíoxíðgilda, eða um 62%.

Förgun hefur dregist saman um 62% frá árinu 2015.



Árið 2023 voru rétt rúm 80% af úrgangi sem féll til vegna starfsemi Norðuráls endurunnninn. Stærstur hluti þess er framleiðsluúrgangur á borð við skautleifar og kolaryk. Áhersla hefur verið lögð á endurvinnslu og minnka almennan úrgang. Sem dæmi má nefna flokkun á lífrænum úrgangi frá mótuneyti sem fer til meðhöndlunar hjá SORPU og verður að næringarefnaríkum jarðvegsbæti og metangasi.



Flæðirit yfir efnisstrauma í starfsemi Norðuráls. Tölur vísa í GRI skrá á blaðsíðu 48 - 51.



Móttökustöðvar

Á kaffistofum og starfssvæðum Norðuráls eru flokkunarstöðvar sem taka á móti plasti, pappa, almennu rusli og spilliefnum þar sem það á við. Hvergi á að vera aðeins ein tunna fyrir óflokkaðan eða almennan úrgang, hvorki á skrifstofum eða á framleiðslusvæðinu. Tunnur standa alltaf að minnsta kosti þrjár saman svo flokkun geti átt sér stað.

Starfsfólk hvers svæðis ber ábyrgð á að losa þessar tunnur á móttökustöðvum sem sýndar eru á yfirlitsmynd. Á móttökustöðvum er móttaka fyrir þá flokka af rusli sem fellur til á hverju svæði. Starfsmaður sorphirðu sér um að safna saman sorpi frá móttökustöðvum og koma á sorpsöfnunarsvæði fyrirtækisins. Á sorpsöfnunarsvæðinu er sorpið svo flokkað enn betur þegar það á við og rúmmál þess minnkað til að draga úr akstri við flutning á því.

Orkunotkun

Ísland er eitt örfárra landa í heiminum sem framleiða rafmagn nær eingöngu úr endurnýjanlegum og umhverfisvænum orkugjöfum. Rafmagnið nýtum við að langstærstum hluta til að vinna hreint ál úr álóxíði og nálgast hlutur Íslands 2% af heimsframleiðslu áls. Til framleiðslunnar árið 2023 notaði Norðurál 4.623 GWst af hreinni endurnýjanlegri raforku, sem er um fjórðungur allrar raforku sem framleidd er á Íslandi. Rafmagnsnotkun í kerskála á hvert framleitt tonn af áli var 13,8 MWst/t Al.

Aðgerðir til að draga úr orkunotkun

Norðurál notar 100% endurnýjanlega raforku við alla framleiðslu. Hingað til hefur álið okkar verið endurbrætt í Evrópu til áframvinnslu, þar sem notuð er raforka með stærra kolefnisspori. Í nýrri framleiðslulínu Norðuráls er stigið skref í átt að fullunninni vöru þar sem framleiddir verða álsívalningar. Engin aukalosun verður við framleiðslu þeirra og orkuþörf verður mun minni en ef þeir væru steiptir erlendis. Áætlaður orkusparnaður er um 40%.


GRI 302-1

GRI 302-3

GRI 302-4

GRI 302-5

Í aðgerðaráætlun Norðuráls í loftslagsmálum er olíunotkun véla og tækja stærsti hlutinn af heildinni og stærstu tækifærin snúa að orkuskiptum á þeim búnaði. Á síðastliðnum árum hafa sextán vinnuvélar, m.a. rafmagnsdráttarvélar og rafmagnslyftarar verið teknar í notkun. Árangur þeirra aðgerða er þegar sýnilegur og eru frekari útskipti áætluð á komandi árum. Milli áranna 2015 og 2023 dróst olíunotkun á vélar og tæki saman um alls 170.000 lítra eða sem nemur samdrætti í losun upp á 465 tonn koldíoxíðs.



Raunlosun frá vélum og tækjum með markmið um 50% minnkun.

Vatn og frárænnisli

Vatn sem veitt er til Norðuráls kemur frá vatnsbóli Tungu og Hlíðarfót í Svínadal. Ferskvatnsnotkun á árinu 2023 nam um 158.937 m³. Þar af var neysluvatn um 63.575 m³ og iðnaðarvatn 95.362 m³. Kælikerfi afriðla notar árlega um 7.884.000 m³ af sjó.

Á svæði Norðuráls eru olíuskiljur og sandföng sem hreinsa yfirborðsvatn sem rennur til sjávar þar sem það á við. Heildarænnisli yfirborðsvatns og frárænnisli til sjávar er ekki mælt en ársfjórðungslega eru gerðar mælingar á styrk efna í útrásum frá svæði Norðuráls. Tvisvar á ári eru gerðar greiningar á olíuefnum í kælivatni afriðla og steypuskála. Frárænnisli mælingar eru framkvæmdar af verkfræðistofunni Verkís þar sem styrkur flúors, svifagna, olíu/fitu og áls er mældur. Efnagreiningar á kælivatni eru framkvæmdar af Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði hjá Háskóla Íslands.

Í kælikerfi steypuskála er vatn hringrásað og er vatnsnotkun þess kerfis eingöngu vegna uppgufunar sem verður í kæliturnum kerfisins. Í kælikerfi afriðla er sjór notaður til kælingar sem dregur verulega úr þörf á ferskvatni til kælingar.


Líffræðileg fjölbreytni

Umhverfisvöktun iðnaðarsvæðisins á Grundartanga hefur verið framkvæmd í aldarfjórðung. Hún sýnir að starfsemi á Grundartanga veldur ekki álagi á nærumhverfi.

Vöktunin felur í sér rannsóknir og eftirlit með um 100 mælipáttum í og við Hvalfjörð. Hún er framkvæmd af óháðum aðilum sem annast mismunandi eftirlitsþætti.

Eftirfarandi þættir voru vaktaðir á árinu 2023: loftgæði (andrúmsloft og úrkoma), ferskvatn, sjór við flæðigryfjur, gróður (gras, lauf og barr), klapparreitir og grasbítar (sauðfé og hross). Tekin voru um 450 sýni frá 170 sýnatökustöðum.

Umhverfisvöktun í kringum iðnaðarsvæðið á Grundartanga er samkvæmt umhverfisvöktunaráætlun sem gildir til ársins 2028, með samþykki Umhverfisstofnunar.



Nýjustu skýrslu Umhverfisvöktunar má finna [hér](#).

Tilkynningar og frávik

Tvær tilkynningar voru sendar á Umhverfisstofnun árið 2023:

1. Tilkynning vegna hárra mælinga á olíu og fitu í frárennsli.

- Brugðist var við með því að rýna atvikið, tæma olúgildru og endurskoða verklag. Niðurstöður eftirlitsheimsóknna má finna á vef Umhverfisstofnunar.

2. Tilkynning vegna loftgæðamælinga fyrir flúoríð á Kríuvörðu sem mældust utan viðmiðunarmarka.

- Frávik var rýnt og úrbætur gerðar. Annars var há mæling einn dag í júní rakin til bilunar í hreinsivirki sem stóð í um 2 klukkustundir. Þá voru háar mælingar í byrjun september tengdar við áskoranir í gæðum hráefna. Útbætur snúa meðal annars að breyttu verklagi og auknu gæðaeftirliti.

Umhverfisáhrif birgja

Verkfræðistofan Efla hefur framkvæmt lífsferilsgreiningu (e. Life Cycle Assessment) á því áli sem fyrirtækið framleiðir. Greiningin miðast við vistferli álsins frá vöggju að hliði (e. cradle-to-gate) þar sem tekið er tillit til framleiðslu og flutnings hráefna, staðbundinnar losunar og myndunar úrgangs. Umhverfisáhrif allra hlekkja í framleiðslukeðjunni eru metin og skrásett. Þar sjáum við svart á hvítu hvar og hvernig má haga innkaupum og hanna framleiðsluferlið til að lágmarka umhverfisáhrif.

Við beinum viðskiptum okkar til ábyrga súralsframleiðenda. Í því ferli höfum við útilokað ákveðna framleiðendur vegna gæða og neikvæðra umhverfisáhrifa. Erlendir birgjar undirgangast reglur og staðla móðurfélags Norðuráls, Century Aluminum.

Norðurál á Grundartanga hefur alþjóðlega ASI vottun um umhverfisvæna og ábyrga framleiðslu. Vottunin staðfestir að starfsemi og viðskiptahættir fyrirtækisins eru samfélagslega ábyrg og framúrskarandi á sviði umhverfisvænnar framleiðslu.

ASI vottunin tekur til 62 þátta í starfsemi fyrirtækisins, allt frá öflun hráefnis um allan heim að endanlegri afurð.

Stærsti vinnustaður Vesturlands

GRI 102-8

GRI 401-1

GRI 405-1

Mannauður

Á árinu 2023 var fastráðið starfsfólk Norðurláls um 600 talsins, 21% konur og 79% karlar. Meðalaldur er 39,7 ár, 40,6 hjá körlum og 37,9 ár hjá konum. Meðalstarfsaldur er 8,4 ár, 9,0 ár hjá körlum og 6,3 hjá konum. Flest starfsfólk býr norðan Hvalfjarðar eða um 69% og þar af búa um 57% á Akranesi. Um 30% starfsfólks býr á höfuðborgarsvæðinu.

Fastráðið starfsfólk í árslok 2023

	Framleiðslu- starfsfólk	Iðnaðarmenn	Sérfræðingar og skrifstofufólk	Stjórnendur og millistjórnendur
KVK	84	4	32	11
KK	314	87	44	30
<30	145	21	12	1
30-50	187	47	49	12
>50	65	23	15	19

Starfsmannavelta árið 2023 var 13,9% og kynjaskipting þeirra sem hættu var jöfn kynjaskiptingu starfsfólks í heild. Árið 2023 var tekið á móti 55 nýjum starfsmönnum í föst stöðugildi. Þá voru 38 starfsmenn sem sinnt höfðu afleysingastörfum fastráðnir.

Fyrir sumarafleysingar var tekið á móti 192 ungmönnum sem leystu af fastráðið starfsfólk yfir sumartímann. Nýráðningar sumarstarfsfólks voru 104 en 88 höfðu starfað hjá fyrirtækinu áður og voru að koma til starfa annað og jafnvel þriðja sumarið. Markmið fyrirtækisins er að helmingur sumarstarfsfólks sé konur. Það náðist ekki, en 30% sumarstarfsfólks árið 2023 voru konur.

Jafnréttismarkmið eru höfð að leiðarljósi við allar ráðningar, þar sem við hverja ráðningu er litið til þess að ráða til starfsins það kyn sem hallar á. Þannig eru tækifæri til að ráða fleiri konur í störf framleiðslustarfsfólks, iðnaðarmanna og í hóp millistjórnenda, verk- og tæknifræðinga.

Norðurál hlaut viðurkenningu Jafnvægisvogar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA) á árinu 2023, líkt og árið á undan. Viðurkenninguna fá þau fyrirtæki sem gripið hafa til aðgerða til að jafna hlut kvenna í yfirstjórn og hafa náð að jafna hlutfall kynja í efsta lagi stjórnunar.

Markmiðið er að árið 2027 verði hlutfall á milli kynja a.m.k. 40/60 í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja á Íslandi. Af sjö manns í framkvæmdastjórn Norðuráls eru þrjár konur.

Norðurál er með vottað jafnlaunakerfi í samræmi við jafnlaunastaðalinn ÍST 85:2012 og hefur einnig hlotið gullmerki jafnlaunaúttektar PWC fjögur ár í röð eða frá upphafi jafnlaunaúttektar. Árið 2023 framkvæmdi BSI viðhaldsúttekt á jafnlaunakerfinu og í þeirri úttekt var sannreynt að jafnlaunakerfið er hannað til að ná markmiðum og stefnu fyrirtækisins í jafnlaunamálum. Óútskýrður launamunur hjá Norðuráli er 1,8% og skýringarhlutfall 95%.

Mikill meirihluti, eða 85% af starfsfólks Norðuráls, er aðili að stéttarfélagunum VLFA, FIT, RAFIS, StéttVest og VR. Kjarasamningur var undirritaður milli Norðuráls og félaganna í október árið 2020 og er hann í gildi til ársins 2025.

Aðbúnaður og heilsa í fyrirrúmi

Norðurál leggur metnað sinn í góðan aðbúnað og öryggi á vinnustaðnum. Gildi fyrirtækisins eru hagsýni, liðsheild og heilindi og endurspegla vel áherslu fyrirtækisins í mannauðsmálum.

Boðið er upp á rútuferðir frá Akranesi en þar búa tæplega 60% starfsfólks. Atvinnusvæði fyrirtækisins er þó töluvert stærra, en hátt í 30% starfsfólks sækir vinnu daglega frá höfuðborgarsvæðinu. Fyrir starfsfólk sem býr utan Akraness býður fyrirtækið upp á samkeyrslu-bíla, en fyrirtækið á eða leigir um 60 fólksbíla sem notaðir eru til samkeyrslu til og frá vinnu á degi hverjum. Rafknúnir og tengitvinn samkeyrslubílar eru 57% bílaflotans og með þeim hætti styður fyrirtækið við markmið og áform um orkuskipti.

Norðurál er í samstarfi við Vinnuvernd um heilsufarsmælingar og árlegar vinnutengdar heilsufarsskoðanir. Markmiðið með þessum skoðunum er að hafa eftirlit með heilsu starfsfólks m.t.t. mögulegra áhrifa frá vinnuumhverfi. Niðurstöður eru nýttar til að bæta vinnuumhverfi þar sem það á við og vekja starfsfólk til umhugsunar um mikilvægi góðrar heilsu og stuðla að bættum lífsstíl. Árlega gefur Vinnuvernd úr skýrslu um heilsufarsskoðanir starfsfólks. Á árinu 2023 fóru 522 í heilsufarsskoðun. Helstu niðurstöður heilsufarsskýrslu Vinnuverndar voru kynntar fyrir starfsfólki á Teams samskiptaforritinu. Öll meðferð gagna hjá Vinnuvernd er samkvæmt lögum um persónuvernd og fær Norðurál einungis upplýsingar sem tengjast starfshæfni starfsfólks hverju sinni.

Norðurál er vímuefnalaus vinnustaður og undirgengst nýtt starfsfólk lyfjapróf við upphaf vinnu. Einnig eru framkvæmd tilviljanakennd lyfjapróf á vinnusvæðinu með það að markmiði að tryggja að enginn sé undir áhrifum ólöglegra efna á vinnustaðnum.

Stærsti hluti starfsfólks Norðurláls starfar samkvæmt kjarasamningi við framleiðslu- og viðhaldsstörf eða um 470 manns. Stjórnendur, millistjórnendur, sérfræðingar og hluti skrifstofufólks er með ráðningarsamninga án tengingar við kjarasamning. Uppsagnarfrestur fastráðins starfsfólks er ein vika á reynslutíma, einn til þrír mánuðir á fyrsta starfsári en eftir það að lágmarki þrír mánuðir. Samkvæmt kjarasamningi hættir starfsfólk hjá fyrirtækinu í þeim mánuði sem það verður 67 ára. Sjö hættu vegna aldurs árið 2023 og 21 verður 67 ára á næstu þremur árum. Fyrirtækið býður fólki sem er að ljúka störfum vegna aldurs á námskeið þar sem farið er yfir fjölbreytt málefni sem mikilvægt er að huga að við þessi tímamót.

55 fóru í fæðingar- og foreldraorlof árið 2023, 25,5% konur og 74,5% karlar. Af þeim hafa 3,6% látið af störfum eftir að orlofi lauk, eingöngu karlar. Árið 2022 fóru 60 í fæðingar- og foreldraorlof, 23% konur og 77% karlar.

Engin vinnutengd sjúkdómstilfelli voru tilkynnt á árinu. Samkvæmt skýrslu Vinnuverndar þykir meirihluta starfsfólks Norðurláls ekki erfitt að stunda vinnu vegna vinnutengdra óþæginda (74%). Um 25% hafa einhvern tíma átt í erfiðleikum með að stunda vinnu (sjaldan/ stundum/oft) vegna vinnutengdra óþæginda. Langflest eru ánægð með félagslegt vinnuumhverfi, en 87% finnst starfsandi vera góður, sem er sama hlutfall og árið áður.

STNA, Starfsmannafélag Norðurláls, er öflugt starfsmannafélag sem stendur fyrir ýmsum viðburðum á hverju ári, skipulögðum göngum og ýmsum viðburðum þar sem starfsfólki og fjölskyldum þeirra er boðið. Félagið býður starfsfólki einnig upp á ýmskonar afþreyingu á niðurgreiddu verði, eins og miða í bíó og leikhús, hagstæð kjör í ýmsum verslunum og ýmsa afþreyingu á Vesturlandi og á höfuðborgarsvæðinu.

Vinnustaðargreining

Vinnustaðargreining hefur alla jafna verið framkvæmd á tveggja til þriggja ára fresti og var síðasta greining framkvæmd í nóvember 2023. Helstu niðurstöður voru þær að meðaltal helgunar (e. Employee engagement) mældist 3,71 en í síðustu könnun frá árinu 2022 mældist meðaltal helgunar 3,62. Þá hækkaði einnig ánægja starfsfólks með Norðurlál sem vinnustað úr 3,54 árið 2022 í 3,64 árið 2023.

Einelti og áreitni

Norðurlál er með verkferla um viðbrögð við einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og öðru ofbeldi. Þessir ferlar eru aðgengilegir öllu starfsfólki, þeir eru kynntir þegar fólk hefur störf hjá fyrirtækinu og reglulega eftir það. Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni eða annað ofbeldi er aldrei liðið á vinnustaðnum. Slíkt er brot á starfskyldum enda óásættanleg hegðun á vinnustað. Allar formlegar tilkynningar um einelti, kynferðislega og kynbundna áreitni og annað ofbeldi sem berast eru skoðaðar ofan í kjölinn.

Öryggið ofar öllu

GRI 102-15

GRI 102-12

GRI 403-1

Hjá Norðuráli er mikil áhersla lögð á öryggi og vinnuvernd með það að leiðarljósi að koma í veg fyrir slyss og óhöpp. Til að tryggja öryggi starfsfólks, verktaka og gesta á svæðinu er gerð krafa um að allir sem starfa á og heimsækja athafnasvæði Norðuráls kynni sér öryggireglur til hlítar. Reglurnar ná til allra sem fara inn á athafnasvæði Norðuráls. Við störfum undir slagorðinu „Öll saman!“ sem vísar til þess að öryggi er samstarfsverkefni okkar allra sem störfum hjá Norðuráli. Við gætum hvers annars og hjálpumst að við að leysa hvers kyns verkefni með skynsömum og öruggum hætti.

Skipulag og stjórnun heilbrigðis- og öryggismála

Framkvæmdastjóri Norðuráls leiðir öryggis-, heilbrigðis- og umhverfisnefnd (ÖHU). Í nefndinni eiga sæti framkvæmdastjórn Norðuráls og öryggistrúnaðarmenn. Nefndin er ráðgefandi í stefnumótun og markmiðasetningu og leitar leiða til úrbóta og forvarna í öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismálum. Nefndin skal samkvæmt lögum (46/1980) taka til umfjöllunar mál er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan fyrirtækisins. Nefndin kys formann og ritara og skulu þau til skiptis vera úr röðum öryggistrúnaðarmanna og annarra nefndarmanna.

Lögbundið hlutverk ÖHU

- Taka þátt í gerð áhættumats og fylgja því eftir.
- Kynna starfsfólki áhættur á vinnustaðnum varðandi öryggi og heilsu og tryggja að það fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun.
- Fylgjast með að einelti viðgangist ekki á vinnustaðnum.
- Vélar og tækniþúnaður, hættuleg efni og starfsaðferðir stofni starfsfólki ekki í hættu.
- Gæta þess að persónuhlífar séu til staðar, í góðu ástandi og notaðar í samræmi við reglur.
- Tryggja skráningu slysa, óhappa og atvinnusjúkdóma.

ÖHU nefndin skipar fagráð um málaflokka; öryggis- og áhættustýringu, þátttöku og samskipti starfsfólks, vettvangsskoðanir, aðbúnað og velferð starfsfólks, umhverfismál og 5S aðferðafræði. Fagráðin funda reglulega og eiga í samskiptum við starfsfólk, bæði til að fræðast og fræða. Þau ráðfæra sig við ÖHU nefndina reglulega.

Hjá Öryggisdeild Norðuráls vinnur hópur fulltrúa og sérfræðinga sem eru m.a. sérhæfð í áhættumati, áhættustjórnun og atvikarannsóknunum. Öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækisins byggir á hugmyndafræði stöðugra umbóta og fylgir og er vottað gagnvart ISO stöðlum.



Áhættustýring og atvikarannsóknir eru hluti af lykilferlum stjórnkerfa Norðuráls sem tekin eru út í innri úttektum. Vikulega eru haldnir fundir með stjórnendum þar sem úrlausnir atvika eru rýndar. Áhættugreiningar eru endurskoðaðar reglulega og leiðbeiningar fyrir reglubundin störf byggja á áhættugreiningum.

Öll störf Norðuráls á að vinna samkvæmt fyrirfram ákveðnu ferli sem búið er að áhættugreina. Allar vinnuleiðbeiningar má nálgast í gæðahandbók, á innra neti Norðuráls eða hjá næsta yfirmanni. Öll verk eru áhættuskimuð áður en þau hefjast. Allir hópar hefja vinnudaginn/vaktina á að ræða öryggismál á töflufundum með áherslu á verklag, þekkingu, aðstæður, samskipti og öryggi.

Öryggisreglur Norðuráls ná til allra sem starfa á vinnusvæði fyrirtækisins, hvort sem um er að ræða starfsfólk Norðuráls, verktaka eða gesti. Verktakar fá kynningu og þjálfun í öryggismálum áður en þeir hefja störf.

Samantekt á slysatölfræði

	2019	2020	2021	2022	2023
Fjarveruslys	5	1	4	3	7
Meðferðarslys	2	1	6	4	1
Skráningarskyld slys	7	2	10	7	8
Tíðni fjarveruslysa	0,93	0,19	0,81	0,61	1,33
Tíðni meðferðarslysa	0,37	0,19	1,21	0,82	0,18
Tíðni skráningarskyldra	1,3	0,38	2,02	1,43	1,51

Öryggisreglur Norðuráls má nálgast [hér](#).

Öll óhöpp, atvik, slys og tjón eru skráð í ábendingagrunn Norðuráls sem starfsfólk hefur aðgang að. Við trúum því að slys geri boð á undan sér og því viljum við einnig fá ábendingar um næstum-því-slys, öryggisábendingar og umhverfisábendingar. Unnið er úr öllum ábendingum og úrbætur gerðar þegar við á. Atvikarannsóknir eru notaðar til að greina og komast að rótum atvika og setja upp fyrirbyggjandi aðgerðir.

Í ábendingakerfi Norðuráls eru einnig skráðar ábendingar sem snúa að umbótum gæðakerfis Norðuráls m.a. frávik í ferlum, birgjaábendingar, viðskiptavinaábendingar auk almennra ábendinga.

Menntun og þjálfun

Fólk sem hefur störf hjá Norðuráli fær nýliðabjálfun þar sem lögð er áhersla á öryggis- og umhverfismál. Farið er yfir stefnu fyrirtækisins og framleiðsluferli. Þá tekur við viðamikil þjálfun á hverri starfsstöð. Á árinu 2023 fékk hver starfsmaður að meðaltali um 21 klukkustund í þjálfun. Á vormánuðum voru skipulagðir árlegir starfsdagar fyrir allt starfsfólk með vinnustofum tengdum vinnustaðagreiningu, öryggis- og umhverfismálum. Stjórnendabjálfun hófst í desember 2021 og stóð fram á vor árið 2022. Sextán vaktstjórar og formenn verkstæða fengu 140 stunda stjórnendabjálfun á tímabilinu.

Nýtt starfsfólk situr námskeið og fær sértæka þjálfun í samræmi við starfið. Sem dæmi má nefna „Læsa, merkja, prófa“ námskeið, fallvarnarnámskeið og námskeið um vinnu í lokuðu rými. Þörf á fræðslu fastráðins starfsfólks byggist á hæfniviðmiðum. Verktakar fá almenna kynningu árlega ásamt námskeiðum eftir þörfum.

Fræðsluáætlun tekur á upprifjun og endurþjálfun í ýmsum öryggisatriðum, t.d. þjálfun stjórnenda í skyndihjálpi, atvikarannsóknunum og endurþjálfun í fallvörnum. Starfsfólk framleiðsludeilda rýnir á hverju ári vinnuleiðbeiningar reglubundinna starfa. Auk reglubundinnar þjálfunar er stefna Norðuráls í gæða-, umhverfis-, öryggis-, mannréttinda-, og jafnréttismálum, vel sýnileg á vinnusvæði Norðuráls og samskiptamiðlum.

Í janúar 2023 var Kjarni, mannauðs- og launakerfi, tekið í notkun. Kerfið býður upp á mikla möguleika á að halda utan um upplýsingar og gögn er varða fræðslu, þjálfun og hæfni starfsfólks.

Heildar fræðslustundir voru 11.531

- 476 stundir í nýliðakynningu
- 885 stundir í þjálfun í Öruggu atferli
- 1293 stundir í stjórnendabjálfun
- 4088 stundir í starfsdaga
- 4789 stundir í annars konar þjálfun

Áherslur í þjálfun árið 2023 í öryggismálum snéru fyrst og fremst að öruggu atferli, þjálfun viðbragðsteyma og leiðtogaþjálfun vakt- og liðstjóra. Þá var þjálfun í notkun handslökkvitækja fyrir allt starfsfólk á haustdögum.

Einnig var efni frá öryggis-, umhverfis- og umbótasviði (ÖUU) hluti af starfsdögum starfsfólks, meðal annars yfirferð á stefnum og markmiðum Norðuráls, virkni ábendingakerfis, viðbragðsáætlun, áhættuskimunum, notkun persónuhlífa, umferðaröryggi og efnamálum. Þar var einnig farið yfir helstu umhverfisáhrif framleiðslunnar ásamt sorpflokkun og meðhöndlun úrgangs.

Öruggt atferli

Árið 2011 var innleitt kerfi hjá Norðuráli byggt á Behavior Based Safety (BBS) og við köllum Öruggt atferli.

Tilgangurinn með Öruggu atferli er að efla öryggisvitund starfsfólks og þróa góða og öfluga öryggismenningu. Starfsfólk rýnir verklag og umhverfi sitt með öryggi að leiðarljósi og festir í sessi öruggari vinnubrögð í daglegum störfum.

Örugg venja telst komin á þegar starfsfólk framkvæmir fyrirfram ákveðið verkefni á öruggan máta með 100% árangri í 21 dag/vakt í röð skv. mælingum. Starfsfólk blæs til fagnaðar þegar öruggri venju er náð. Góður árangur náðist í þátttöku starfsfólks í Öruggu atferli á árinu og voru öll teymi virkir þátttakendur undir lok árs.

Eignarhald Öruggs atferlis er í höndum starfsfólks Norðuráls, enda mikilvægt að virkja og hvetja öll til þátttöku í því að auka sitt eigið öryggi og samstarfsfólks. Þjálfun starfsfólks er mikilvægur þáttur í ferlinu og öll sem taka beinan þátt í öruggu atferli fá viðeigandi þjálfun. Á árinu 2023 var áhersla á að viðhalda þjálfun starfsfólks í Öruggu atferli auk þess sem stuðningsfulltrúar í Öruggu atferli fengu þjálfun í sínu hlutverki.

Stóriðjuskóli Norðuráls

Fimmtán starfsmenn hófu framhaldsnám í Stóriðjuskólanum í janúar 2023. Framhaldsnámið er þrjár annir og verða námslok vorið 2024. Stóriðjuskóli Norðuráls var settur á laggirnar árið 2012 og hafa 190 útskrifast. Skólinn er samstarfsverkefni Norðuráls, Símenntunar á Vesturlandi og Fjölbrautarskóla Vesturlands. Námið er hluti af framhaldsfræðslukerfi landsins og fá nemendur allt að 45 einingar metnar á framhaldsskólastigi fyrir bæði grunn- og framhaldsnám, en námsskráin er gefin út og vottuð af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Í náminu öðlast starfsfólk skilning á framleiðsluferli fyrirtækisins, kynnist starfsemi annarra deilda innan fyrirtækisins, situr námskeið á framhaldsskólastigi og vinnur að umbótaverkefni til að bæta vinnustaðinn og starfsumhverfi.

Samtöl

Starfsmannasamtöl ásamt leiðrétandi og uppbyggjandi endurgjöf eru hluti af reglubundnu mati á frammistöðu og starfsþróun starfsfólks. Eftirfylgni framkvæmdar er í höndum mannauðssviðs sem fylgir því eftir að öll fái að minnsta kosti eitt samtál á ári. Þannig höfðu rúmlega 60% fengið eitt eða fleiri formleg samtöl við sinn yfirmann um áramótin 2023.

Réttindi og virðing

Trúnaðarmenn frá þeim stéttarfélögum sem eru aðilar að kjarasamningi Norðuráls eru sex, auk aðaltrúnaðarmanns. Engin mál komu upp á árinu sem tengdust brotum á vinnurétti.

Samfélagsverkefni

Norðurál styrkir ýmis samfélagsverkefni og nam upphæðin til þessara verkefna á þriðja tug milljóna árið 2023. Félagið er stoltur styrktaraðili knattspyrnufélagsins ÍA á Akranesi og knattspyrnufélagsins Vals á höfuðborgarsvæðinu. Við styrkveitingu er lögð áhersla á að hún skili sér í starf yngri flokka.

Einnig er í gildi styrktarsamningur við Fablab og Golfklúbbinn Leyni á Akranesi. Þá má nefna smærri styrki sem runnu meðal annars til Mæðrastyrksnefndar, Björgunarfélags Akraness og fleiri aðila.



	MARKMIÐ	UNDIRMARKMIÐ
GÆÐASTEFNA	Ánægðir viðskiptavinir	• Vakta lykilþætti í þjónustu við viðskiptavini
	Skilvirk framleiðsla	• Vakta lykilþætti í frávikum við viðskiptavini • Tryggja uppfærslu á gæðaskjölum • Tryggja úttektir á leiðbeiningum framleiðslu • Framleiðsluáætlun skautsmiðu sé fylgt skv. plani • Tryggja bestu gæði framleiddrar vöru • Tryggja bestu algæði við breytilegar aðstæður • Minnka sóun og bæta nýtingu skauta • Framleiðsluáætlun steypuskála sé fylgt skv plani • Minnka uppbræðslu á efni • Minnka sóun - Innleiðing á 5S verklagi • Viðbrögð við beiðnum • Fela boltasteypu framleiðslu undir stjórnkerfi
ÖRYGGIS- OG HEILBRIGÐISSEFNA	Framúrskarandi afurðir	• Styrkja öryggis- og áhættustýringu • Styrkja öruggt atferli • Auka gæði úrlausna • Styrkja og auka við gæði vettvangsskoðana • Viðbragðs og rýmingaráætlun • Auka þekkingu á öndunarhlífðarbúnaði og mikilvægi þess • Réttur PPE notaður hverju sinni • Vinnuumhverfismælingar • Auka virkni og sýnileika fagráða
	Slysalaus vinnustaður	• Losun GHL utan ETS • Losun GHL innan ETS • Heildarflúor- ryklosun um rjáfur innan viðmiðunarmarka • Heildarflúorlosun um háfa • Heildarryklosun um rjáfur • Heildarflúor- og ryklosun um háfa • Uppfylla starfsleyfið • Heildarlosun á brennisteini
	Heilsuvernd starfsfólks	• Aukin þekking starfsfólks á starfsleyfi og skuldbindingum Norðuráls í loftslagsmálum
UMHVERFISSEFNA	Þátttaka starfsfólks í forvörnum	• Magn óflokkaðs úrgangs (blandaður úrgangur til brennslu + grófur úrgangur til urðunar) dragist saman um 5%
	Lágmörkun losunar (Hnattræn áhrif)	• Samræming sorpmerkinga
	Lágmörkun losunar (Staðbundin áhrif)	• Fylgni við verklag um vistun gagna. Notkun WP • Áreiðanlegar upplýsingar úr gögnum fyrirtækisins • Gögn séu geymd á áreiðanlegum og skilgreindum vistunarstöðum • Auka þekkingu og færni starfsfólks í gagnastjórnun • Regluleg samskipti gagnastjórnunarhóps (superuserar) og IT
GAGNA- OG UPPLÝSINGA-STJÓRNUNARSEFNA	Starfsfólk þekki umhverfisáhrif starfseminnar	• Uppfæra efni sem tengist málaflokknum. Rýna feril eineltis, áreitnis og ofbeldis. • Endurvekja velferðarnefnd • Greina starfsánægju með starfsánægjukönnun • Auka hlutdeild kvenna meðal starfsfólks • Lágmarka óútskýrðan launamun
	Ábyrg endurnýting og förgun	• Uppfærsla á ferlum innkaupa m.t.t. sjálfbærni • Innleiða tölvukerfi við mat á birgjum • Lágmarka vöruskort • Straumlínulögun á lagerstöðu og innkaupum • Innkaupaskilmálar fylgi pöntunum á ensku þegar viðeigandi
	Örugg og samræmd vistun gagna	• Uppfærsla á ferlum innkaupa • Tryggja tilurð SDS blaða • Fræðsla til stjórnenda og starfsfólks sem meðhöndla efni
MANNRÉTTINDA- OG JAFNRÉTTISSEFNA	Áreiðanlegar upplýsingar úr gögnum fyrirtækisins	
	Þekking starfsfólks á gagna- og upplýsingastjórnun	
	Forvarnir gegn einelti, áreitni og öðru ofbeldi	
INNKAUPASTEFNA	Starfsánægja	
	Stuðla að jöfnun kynjahlutfalla	
	Jöfn starfskjör fyrir sambærileg störf	
INNKAUPASTEFNA	Ábyrgð, heiðarleiki og hagkvæmni	
	Gæði og stöðugleiki reksturs tryggð	
	Leggja áherslu á þekkingu starfsfólks á ábyrgum innkaupum	

GRI NÚMÉR	TITILL	SKÝRSLUGJÖF	BLS.	HEIMSMARKMIÐ
	STEFNA OG GREINING			
102-14	Ávarp forstjóra	Já	3	
102-15	Helstu áhrifaþættir starfseminnar, áhætta og tækifæri	Já	5, 18, 19, 29, 38, 42	
	UPPLÝSINGAR UM FYRIRTÆKI			
102-1	Nafn fyrirtækis	Norðurál Grundartangi ehf.	4	
102-2	Helstu vörur og þjónusta	Já	4	
102-3	Staðsetning	Já	4	
102-4	Fjöldi landa og þau lönd sem fyrirtækið starfar í og hefur umtalsverð áhrif á nærsamfélagið	Já	Starfsemi fyrirtækisins er á Íslandi.	
102-5	Eignarhald og rekstrarform	Já	4	
102-6	Markaðir og viðskiptavinir	Já	4	
102-7	Stærð og umfang fyrirtækis	Já	4, 15	
102-8	Samsetning vinnuaflds	Já	39	
102-41	Hlutfall kjarasamningsbundinna starfsmanna	Já	41	
102-9	Virðis_keðjan	Já	4, 9, 29, 32	
102-10	Umtalsverðar breytingar á tímabili	Já	7, 8	
	ÞÁTTTAKA Í YTRI VERKEFNUM			
102-11	Notkun á varúðarreglum	Já	9, 11	
102-12	Utanaðkomandi efnahags-, umhverfis- og/eða samfélagsviðmið og reglur sem fyrirtækið fer eftir eða styðst við	Já	4, 5, 6, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 17, 18, 21, 23, 37, 40, 42	
102-13	Aðild að samtökum og/eða þar sem fyrirtækið á fulltrúa í stjórn, tekur þátt íslenskum/alþjóðlegum þrýstihópum verkefnum, leggur til fé eða lítur á aðild sem mikilvæga	Já	9, 12	
	UMFANG OG TAKMARKANIR Á EFNISTÖKUM SKÝRSLUNNAR			
102-45	Fyrirtæki sem eru inni í samstæðureikningi	Já	2	
102-46	Greining á efnistöku, verkferlum og afmörkun skýrslunnar	Já	2	
102-47	Lýsing og skilgreining þátta sem höfðu áhrif á efnistöku skýrslunnar	Já	2	
103-1	Upplýsingar um takmarkanir á umfangi og efnistöku um skýrslunnar	Já	2	
102-48	Útskýring á breyttri framsetningu á upplýsingum miðað við eldri skýrslur	Á ekki við		
102-49	Útskýring á breytingum á framsetningu skýrslunnar er varðar umfang, takmarkanir og/eða mæliaðferðir	Á ekki við		
	ÞÁTTTAKA HAGSMUNAAÐILA			
102-40	Listi yfir hagsmunaaðila sem starfa með fyrirtækinu	Já	12	
102-41	Sameiginlegir kjarasamningar	Já	40, 41	
102-42	Skilgreining á vali hagsmunaaðila	Já	12	
102-43	Samstarf við hagsmunaaðila og verklag, þ.m.t. tíðni samstarfs eftir eðli og hagsmunahópum	Já	10, 12, 19, 23, 38	
102-44	Helstu viðfangsefni og málefni sem hafa komið upp í tengslum við hagsmunaaðila og viðbrögð	Já	38	
102-45	Aðilar sem eru hluti af samstæðureikningi	Já	2	
102-46	Skilgreining á efni skýrslu og mörkum efnistaka	Já	2	
102-47	Listi yfir viðfangsefni	Já	2	
	VIÐFANGSEFNI SKÝRSLUNNAR			
102-50	Tímabil skýrslugjafar	Árið 2023	2	
102-51	Dagsetning síðustu samfélagsskýrslu	Ágúst 2023	2	
102-52	Tíðni skýrslugjafar	Árleg skýrslugjöf		
102-53	Tengiliðir varðandi fyrirspurnir um skýrsluna	solveig@nordural.is, margretros@nordural		
102-54	Ferli og skýrslugerð í samræmi við GRI staðla	Já	2	
102-56	Ytri ráðgjöf á stefnumótun og starfsháttum í tengslum við skýrslugerðina	Nei		
102-55	GRI skrá		48-51	
102-22	Samsetning framkvæmdastjórnar og undirnefnda		11	
102-23	Tilgreinið hvort stjórnarformaður sé einnig framkvæmdastjóri	Stjórnarformaður fer ekki með hlutverk framkvæmdastjóra		

GRI NÚMÉR	TITILL	SKÝRSLUGJÖF	BLS.	HEIMSMARKMIÐ
	STJÓRNARHÆTTIR			
102-25	Ferlar sem koma í veg fyrir hagsmunaárekstra hjá framkvæmdastjórn		11, 13	
102-34	Eðli og umfang atriða/málefna sem vísað var til framkvæmdastjórnar	Á ekki við		
102-35	Skýrið kjarastefnu framkvæmdastjórnar	Já	Laun framkvæmdastjóra taka mið af markaðslaunum starfsfólks í sambærilegum iðnaði	
	SÍÐFERDI OG HEILINDI			
102-16	Siðareglur, gildi, reglur	Já	6, 9, 11, 12, 13, 14	
102-17	Ráðgjöf vegna siðferðilegra og lagalegra málefna	Já	11	
102-17	Skilgreining á innri og ytri ferlum sem fylgt er eftir til að upplýsa um ósiðlega hegðun, lögbrot og mál tengd heilindum fyrirtækisins	Já	11	
200	EFNAHAGUR			
201-1	Bein efnahagsleg verðmæti sem hafa skapast	Já	15	
201-2	Efnahagslegur tilkostnaður og aðrar hættur sem skapast vegna loftlagsbreytinga	Já	5, 16, 17	
201-3	Tryggingar fyrirtækisins vegna bótaáætlunar	Já	Starfsfólk greiðir lögbundnar skyldutryggingar lífeyrisréttinda, Norðurál greiðir lögbundið mótframlag í séreignarsparnað og starfsfólk 2-4%	
201-4	Fjárhagsleg aðstoð frá hinu opinbera	Já	Fjárfestingasamningur við ríkið er ekki í gildi.	
202-1	Byrjunarlaun eftir kyni miðað við lágmarkslaun á markaði	Já	Laun skv. kjarasamningi, óháð kyni	
202-2	Hlutfall æðstu stjórnenda sem hafa verið ráðnir úr nærsamfélagi fyrirtækisins	Já	Þrír framkvæmdastjórar hjá Norðuráli eru frá Akranesi	
203-1	Áhrif fjárfestinga í innviðum og þjónustu	Já	8, 16, 17	
203-2	Óbein efnahagsleg áhrif	Já	16	
204-1	Hlutfall útgjalda til birgja í nærsamfélaginu	Já	16	
205-1	Áhættumat og aðgerðir til að auðkenna spillingu	Já	5, 13, 17	
205-2	Miðlun og þjálfun til að sporna við spillingu	Já	13, 17, 44	
205-3	Staðfest atvik um spillingu og aðgerðir	Já	Ekkert tilvik	
206-1	Heildarfjöldi lögsókna og niðurstöður mála vegna brota á samkeppnislögum, auðhringjamyndun og einokunar.	Já	Ekkert tilvik	
207-1	Útlistun á skattaumhverfi, skattastefnu og upplýsingagjöf	Já	15, 16	
207-2	Skattastjórnun, eftirlit og áhættustjórnun	Já	16	
207-3	Samskipti við haghafa (s.s. eftirlitsaðila) í skattamálum	Já, útlistun á samskiptum	11	
207-4	Skattaupplýsingar eftir löndum	Skýrslan tekur einungis yfir starfsemi á Íslandi		
300	UMHVERFISMÁL			
301	EFNISNOTKUN			
301-1	Notkun hráefna eftir þyngd eða rúmmáli	Já	24, 25, 27, 28	 12
301-2	Hlutfall nýtttra efna sem koma frá endurvinnslu	Já	33	 12
301-3	Tilvik um innkallaðar vörur og umbúðir	Já	Ekkert tilvik	 12
302	ORKA			
302-1	Heildarmagn orkunotkunar innan fyrirtækis	Já	24, 28, 35	 
302-2	Heildarmagn orkunotkunar utan fyrirtækis	Já	29	 12
302-3	Orkunotkun á framleiðslueiningu	Já	35	 12
302-4	Aðgerðir til að draga úr orkunotkun	Já	21, 22, 35,	 
302-5	Aðgerðir til að draga úr orkunotkun vegna vöru og þjónustu	Já	35	 12
303	VATN OG FRÁRENNSLI			
303-1	Ferli vatnsnotkunar eftir uppruna	Já	36	
303-2	Stjórnun og áhrif vatnsrennslis	Já	36	
303-3	Vatnsupptaka - heildarrúmmal notað og endurunnið	Já	36	
303-4	Heildarrennslis og sundurliðun vatnsnotkunar	Já	36	
303-5	Heildarmagn vatnsnotkunar	Já	24, 36	
304	LÍFFRÆÐILEG FJÖLBREYTNÍ			
304-1	Starfsemi í nálægð við eða á vernduðum landssvæðum	Á ekki við		

GRI NÚMÉR	TITILL	SKÝRSLUGJÖF	BLS.	HEIMSMARKMID
304-2	Áhrif starfsemi á líffræðilegan fjölbreytileika	Já	23, 37	
304-3	Verndaður eða endurreistur jarðvegur	Nei		
304-4	Fjöldi tegunda á náttúruverndarlistum sem verða fyrir umhverfisáhrifum af starfseminni	Nei		
305	LOFTSLAGSMÁL - KOLEFNISLOSUN			
305-1	Bein losun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðslu	Já	25, 27, 29	
305-2	Óbein losun gróðurhúsalofttegunda vegna orkunotkunar (Scope 2)	Já	29	
305-3	Önnur óbein losun gróðurhúsalofttegunda (Scope 3)	Já	29, 31	
305-4	Magn gróðurhúsalofttegunda á framleiðslueiningu	Já	29, 30	
305-5	Aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda	Já	19, 21	
305-6	Losun ósóneyðandi efna (ODS)	Já	27	
305-7	Losun köfnunarefnisoxíðs (NOx), brennisteinsoxíðs (SOx) og önnur losun	Já	27	
306	ÚRGANGUR OG FRÁRENNSLI			
306-1	Heildar vatnsfrárennsli eftir viðtökustað og gæðum	Já	25	
306-2	Tegund úrgangs og ráðstöfunaraðferðir	Já	25, 26, 33, 36	
306-3	Fjöldi tilvika og magn marktækra efnaleka	Já	Ekkert tilvik	
306-4	Flutningur og meðferð spilliefna	Já	Flutningur er í höndum vottaðra endurvinnsluaðila	
306-5	Áhrif úrgangs/sorps á vatnssuppsprettu	Já	Ekkert tilvik	
307	UMHVERFISLÖG			
307-1	Atvik tilgreind þar sem ekki var fylgt eftir umhverfislögum og/eða reglugerðum	Já	38	
308	UMHVERFISÁHRIF BIRGJA			
308-1	Greining á nýjum birgjum byggt á umhverfisviðmiðum	Já, að hluta	38	
308-2	Neikvæð umhverfisáhrif innan virðiskeðjunnar og mótvægisáðgerðir	Já	38	
400	SAMFÉLAG			
401	MANNAUÐUR			
401-1	Heildarfjöldi og hlutfall nýrra starfsmanna og starfsmannavelta eftir aldurshópum	Já, að hluta	39	
401-2	Hlunnindi fastráðinna í fullu starfi sem starfsfólk í hlutastarfi og/eða lausráðið fær ekki	Já	40, 41	
401-3	Fæðingarorlof - Hlutfall þeirra sem snúa aftur til vinnu eftir fæðingaorlof	Já	41	
402	KJARAMÁL			
402-1	Upplýsingagjöf til starfsmanna varðandi breytingar á starfsemi fyrirtækisins	Já	Grein 8.09.1 í Kjarasamningi starfsmanna Norðurláts Grt.	
403	VINNUEFTIRLIT			
403-1	Skipulag og stjórnun heilbrigðis- og öryggismála	Já	42	
403-2	Áhættumat, áhættugreining og rannsókn á slysum	Já	43	
403-3	Vinnueftirlit á hættulegum störfum (aukin áhætta á þróun starfstengdra sjúkdóma)	Já	43	
403-4	Þátttaka starfsmanna í fræðslu og forvörnum á heilsu og öryggi í starfi (efnistök er varða heilsu- og öryggismál í kjarasamningum)	Já	40, 44, 45	
403-5	Fræðsla og þjálfun í öryggismál/vinnueftirlit starfsmanna	Já	43, 44, 45	
403-6	Fræðsla og aðgerðir til að efla heilbrigði starfsmanna	Já	45	
403-7	Forvarnir og inngrip í tengslum við heilsu og þjónustu annarra starfsmanna	Nei		
403-8	Starfsfólk sem fellur undir sérstakt heilbrigðis- og öryggisstjórnunarkerfi	Já	45	
403-9	Atvinnutengd slys	Já	43	
403-10	Atvinnutengdir sjúkdómar	Já	40	
404	MENNTUN OG ÞJÁLFUN			
404-1	Meðalfjöldi klukkustunda sem starfsfólk fær í þjálfun á ári eftir kyni og starfsgrein	Já	44	
404-2	Aðferðir til að stuðla að auknum tækifærum starfsmanna til að fá stöðuhækkun	Já	44	

GRI NÚMER	TITILL	SKÝRSLUGJÖF	BLS.	HEIMSMARKMIÐ
404-3	Hlutfall starfsmanna sem fá regluleg starfsmannasamtöl til þróunar í starfi, flokkað eftir kyni og starfaflokki	Já	45	 8
405	FJÖLBREYTILEIKI OG TÆKIFÆRI			
405-1	Fjölbreytileiki í stjórnunarstöðum og hjá starfsmönnum	Já	24, 39, 40	
405-2	Hlutfall grunnlauna og hlunninda kvenna af launum karla eftir starfi og starfsstöðvum	Já	40	  5,8
				  5,8
406	JAFNRÉTTI			
406-1	Brot á vinnuréttindum og mótvægisáðgerðir	Já	45, Engin tilkynnt brot	
407	FÉLAGAFRELSI			
407-1	Starfsstöðvar og birgjar sem eru í áhættu varðandi brot á rétti einstaklinga til félagafrælsis og kjarasamninga	Já	Engin tilkynnt frávik	 8
408	VINNA BARNNA			
408-1	Starfsstöðvar og birgjar sem mögulega geta brotið á réttindum barna	Á ekki við		
409	NAUÐUNGARVINNA			
409-1	Starfsstöðvar og birgjar sem mögulega geta brotið á vinnuréttindum starfsmanna	Á ekki við		
410	MANNRÉTTINDI			
410-1	Þjálfun starfsmanna í mannréttindastefnu eða verklagsreglum fyrirtækisins	Já	44	 8
411	MANNRÉTTINDI			
411-1	Atvik þar sem brotið er á réttindum frumbyggja	Á ekki við		
412	MANNRÉTTINDI			
412-1	Fjöldi atvika sem hafa varðað mannréttindabrot	Já	Engin tilvik	
412-2	Þjálfun og fræðsla starfsmanna á mannréttindamálum	Já	44	
412-3	Samningar sem innihalda mannréttindaákvæði eða voru kortlagðir með viðmið mannréttinda að leiðarljósi	Já, að hluta	9, 13, 38	
413	NÆRSAMFÉLAG			
413-1	Aðgerðir/verkefni í samstarfi við nærsamfélagið - þróun og stöðumat	Já	12, 19, 21, 46	
413-2	Starfsemi sem gæti haft neikvæð áhrif á nærsamfélagið	Já	37	
414	SAMFÉLAGSÁHRIF BIRGJA			
414-1	Kortlagning á félagslegum krítérium nýrra birgja	Já, að hluta	9, 13, 38	 5
414-2	Neikvæð samfélagsáhrif í virðiskeðju og aðgerðir	Já, að hluta	9, 38	 5
415	STEFNA			
415-1	Fjárframlag stjórnvalda	Já	15 Engin fjárframlög frá stjórnvöldum	
416	ÖRYGGI OG HEILSA VIÐSKIPTAVINA			
416-1	Mat á áhrifum á heilsu og öryggi á sviði vöru og þjónustu	Á ekki við		
416-2	Heilsa og öryggi - tilvik þar sem reglum var ekki fylgt eftir	Já	Ekkert atvik tilgreint á árinu 2023	
417	MARKAÐSMÁL			
417-1	Reglur varðandi merkingu á vöru og þjónustu	Á ekki við		 12
417-2	Atvik þar sem reglum var ekki fylgt eftir varðandi merkingar á sviði vöru og þjónustu	Á ekki við		
417-3	Atvik þar sem vinnuferlum var ekki fylgt í kynningar- og markaðsmálum	Á ekki við		
418	PERSÓNUVERND VIÐSKIPTAVINA			
418-1	Kvartanir er varða brot á persónuvernd eða tap á gögnum viðskiptavina	Já	Engin tilvik	
419	FYLGNI VIÐ LÖG OG REGLUR			
419-1	Atvik þar sem lögum og reglugerðum var ekki fylgt eftir á sviði félags- og efnahagsmála	Já	Engin tilvik	

